



Rauður þráður
Hildar Hákonardóttur

Sparaðu tíma og
gerðu einfaldari
innkaup á **netto.is**



nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 09. FEBRÚAR 2023



Í skammdeginu þegar snjór er á jörðu og mjöllina skefur er notalegt að orna sér við minningar frá liðnu sumri. Íslenski veturinn er langur og strangur en hann á þó sína sérstæðu fegurð sem ekki allir kunna að meta á meðan hryðjurnar ganga yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTIR 2



Enn þá volgur bjór
á Seltjarnarnesi

LÍFIÐ 20



Ekki fara,
Dr. Phil!

LÍFIÐ 22



Nýjar
enskuskotnar
gellur

Heimilin borga

NEYTENDUR Stýrivextir hafa nú hækkað ellefu sinnum í röð og greiðslubyrði húsnæðislána hefur aukist stórum. Ef við skoðum hvernig greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána hefur breyst frá því að



Afborgun 25 milljóna láns hefur hækkað um 75 þúsund krónur.

vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst fyrir 21 mánuði sést að mánaðarleg greiðslubyrði 25 milljóna jafngreiðsluláns til 25 ára hefur farið úr riflega 124 þúsund krónum í tæplega 199 þúsund krónur, eða um 75 þúsund krónur á mánuði.

Þessar tölur tvöfaldast ef skoðað er 50 milljón króna lán með sömu skilmálum. **SJÁ SIÐU 4.**

Biðlar til ESB um að Ísland fái afslátt af losun flugvéla

Alvarlegt ástand blasir við Íslendingum vegna gjaldtöku fyrir losun í millilandaflugi að óbreyttu. Forsætisráðherra falast eftir undanþágu.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur sent Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, bréf þar sem farið er fram á fríar losunarheimildir í flugi sem teygja sig lengra en 500 kílómetra frá Íslandi.

Bréfið er viðbrögð við fyrirhugðum breytingum ESB um aukna skattlagningu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í flugi.

„Þetta bréf snýr eingöngu að flugsamgöngum,“ segir Katrín. „Tilgang-



Við Íslendingar getum ekki nýtt aðra samgöngukosti en flug frá landinu.



Katrín
Jakobsdóttir,
forsætisráð-
herra

ur breytinganna er að beina fólki í lestir eða almenningsamgöngur þar sem við á í stað þess að taka flug. Við Íslendingar getum ekki nýtt aðra samgöngukosti en flug frá landinu.“

Evrópuríki önnur en Bretland eftir ESB-útgöngu þurfa að greiða fyrir losunarheimildir sem falla undir viðskiptakerfi ETS. Í bréfinu segir Katrín að ef tillögur ESB verði að veruleika gætu áhrifin orðið mjög alvarleg fyrir flugiðnað Íslands og efnahag þjóðarinnar.

Aukinn kostnaður vegna breytinganna yrði mjög íþyngjandi fyrir flugfélög með aðsetur á Íslandi. Flugfarið myndi hækka, óhagræði skapast í samkeppni flugfélaga, staða alþjóðaflugvallarins í Keflavík gæti veikt verulega og neikvæð áhrif orðið á tengiflug. **SJÁ SIÐU 6**



TAKK!
6 ár
í röð
1. sætið í
ánægjuvöginni



BYKO
GERUJ/PETTA SAMAN



Frá vettvangi brunans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Smáhýsið ónýtt og íbúa komið í annað húsnæði

lovisa@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Smáhýsið sem kviknaði í í gærmorgun er ónýtt. Smáhýsið er staðsett úti á Granda og er í eigu Félagsbústaða. Er það hluti af þyrpingu húsa úti á Granda fyrir heimilslausa einstaklinga.

Reykjavíkurborg getur ekki gefið upplýsingar um hvort einstaklingnum sem bjó í húsnæðinu hafi verið fundið annað húsnæði.

Í svari til Fréttablaðsins kemur fram að almenna reglan sé sú að ef íbúi í félagslegu húsnæði missir skyndilega heimili sitt, svo sem eins og eftir bruna, þá sé allt kapp lagt á að koma viðkomandi í skjól og úthluta öðru húsnæði sem allra fyrst.

Íbúar í smáhýsum hafa hver sinn ráðgjafa og fá stuðning VoR-teymis Reykjavíkurborgar (Vettvangs- og ráðgjafarteymi). ■

Tímamótunum fagnað



Blásið var til veislu í Vin, dagsetri fyrir fólk með geðraskanir, í tilefni afmælis starfseminnar í gær. Um tíma virtist sem svo að það ætti að leggja niður at-hvarfið á síðasta ári en Reykjavíkurborg dró í land. Helsta hlutverk Vinjar er að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinalegt umhverfi fyrir gesti setursins og heimsækja hundrað einstaklingar Vin reglulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vesturbæjarskóli var reistur um aldamótin.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

Grunur um myglu í Vesturbæjarskóla

ser@frettabladid.is

REYKJAVÍK Starfsmenn á vegum verktakafyrirtækisins Eflu tóku sýni í Vesturbæjarskóla í Reykjavík á mánudag vegna gruns um að þar leyndist mygla.

Samkvæmt heimildum blaðsins munu kennarar og aðrir starfsmenn

við skólann hafa kvartað undan krankleika sem þeir ætla að stafi af rakaskemmdum í húsinu.

Vesturbæjarskóli var reistur um aldamótin síðustu og viðbygging við hann var tekin í notkun 2018.

Ætla má að niðurstöður úr rannsókn Eflu liggi fyrir innan mánaðar. ■

Seltirningar þurfa að bíða áfram eftir köldum bjór

Vínbúðin á Eiðistorgi er ein fárra vínúða sem selja ylvolgan bjór og vín. Unnið er að lausn sem gæti virkað fyrir alla, bæði íbúa og gesti Vínúðarinnar.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Við erum að vinna með leigusala og húseigendum að lausn og vonum að sjálfsögðu að kæliir verði kominn í gang sem fyrst,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, en ekki er enn hægt að fá kaldan bjór í Vínúðinni á Eiðistorgi.

Saga bjórkælisins sem var settur upp í miklum endurbótum á búðinni í september 2021 hefur verið lengi til umræðu og umfjöllunar. Íbúar á Eiðistorgi kvörtuðu undan hávaða frá kælibúnaði og hefur ekki enn fundist lausn á því að gestir Eiðistorgs geti fengið kaldan bjór eða vín heldur aðeins bjór við stofuhita – eitthvað sem er ekki gott.

„Því miður liggur endanleg lausn ekki fyrir enn þá,“ segir Sigrún.

Vínúðin á Eiðistorgi er ein fárra Vínúða sem bjóða ekki upp á kaldan bjór í verslun sinni. Vínúðin í Austurstræti er önnur búð sem býður ekki upp á kaldan bjór en annars er hægt að fá bjór eða hvítvín kalt út úr búð nánast hvar sem er.

Vínúðin á Eiðistorgi var endurbætt og stækkuð árið 2021 og kælinum umdeilda komið fyrir. Í kjölfarið komu fram kvartanir frá íbúum um að það væri ónæði frá kælibúnaði. „Íbúar voru ekki mér vitanlega á móti kælinum sem slíkum heldur var ónæði vegna kælibúnaðar mótmælt,“ segir Sigrún.



Ylvolgur bjór bíður gesta og gangandi á Eiðistorgi en vinkælinn sem þar átti að vera og koma upp árið 2021 er ekki enn kominn í gagn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

6,1

milljón króna kostaði bjórkælinn á Eiðistorgi.



Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR

Hún segir að allt sé gert til að koma kælinum í gagn enda sé allt klappað og klárt til að stinga í samband til að kæla vörurnar sem mörgum finnst svo gott að teygja. „Allt frá þeim tíma hefur ÁTVR beðið eftir lausn frá leigusala um staðsetningu á kælibúnaði sem trufli ekki íbúa hússins,“ segir hún. Gestir Vínúðarinnar á Eiðistorgi þurfa því að bíða áfram eftir að geta keypt sér kaldan bjór. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.799

Dásamlega ævintýrið um Jakob og risastóru ferskjuna er nú komið í nýrri þýðingu Sólveigar Sifjar Hreiðarsdóttur. Fæst í bókabúðum og á kver.is. Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Markaðstorg til sunnudags

Komdu og upplifðu sannkallaða
markaðsstemningu á sjálfsafgreiðslu-
lagernum þar sem þú getur gert
frábær kaup á fjölbreyttu úrvali
af smávörum og húsgögnum!



Verslun opin **11-20** alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Likindareikningur kemur við sögu.

Bridds mun verða valáfangi í skólum

bth@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Hugariþróttin bridds verður valáfangi á næstu mánuðum í ýmsum skólum innanlands.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Bridgesambands Íslands, segir spilið í mikilli sókn.

Framhaldsskólinn á Suðurlandi hefur staðið fremst í því á umliðnum árum að sögn Matthíasar að standa fyrir kennslu í bridds sem nemendur hafa fengið metið til námseininga.

Aðrir skólar sem munu bjóða upp á valáfanga í spilið í vetur eru Tækniskólinn, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Fjölbrotaskóli Vesturlands á Akranesi, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn við Sund, Fjölbrotaskóli Snæfellinga og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ.

„Þetta eru ótrúlega jákvæðar fréttir,“ segir Matthías en hann segir bridds oft líkt við skák hvað varði rökvisi og framsýni. Talning, líkindareikningur og sitthvað fleira komi við sögu. ■

Maráponræður Pírata á enda

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Þingflokkur Pírata hefur lokið umræðu um útlendingafrumvarp dómsmálaráðherra. Þeir hafa verið sakaðir um málþóf.



Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir

„Píratar líta nú svo á að það sé fullreynt að opna augu stjórnarliða og hvetja þau til að standa vörð um stjórnarskrána,“ segir í tilkynningu.

Umræðan hefur staðið yfir síðan Alþingi kom saman eftir jólahlé. Sumir hafa flutt yfir 100 ræður. ■

Sex manns slasast í vinnuslysi hvern dag ársins

ser@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Árlega eru um 2.100 til 2.200 vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins hér á landi. Það merkir að um sex einstaklingar slasast í vinnunni á hverjum einasta degi.

Þetta kom fram á Forvarnaráðstefnu VÍS sem fram fór í Hörpu í gær, en þetta er í þrettánda sinn sem hún fer fram.

„Árangur í öryggismálum er ekki heppni, heldur ákvörðun,“ sagði Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS, í ávarpsorðum sínum á

ráðstefnunni, en hún sagði nauðsynlegt að breyta vinnustaðameningunni hér á landi með það að markmiði að hafa öryggismál í fyrsta sæti við stjórnun og starfsemi fyrirtækja af öllu tagi. „Eitt vinnuslys er einu slysi of mikið.“

Skráning vinnuslysa sé afskaplega mikilvæg á öllum vinnustöðum svo hægt sé að læra af mistökum. „Það hjálpar fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir mögulegar hættur, en mikilvægt er að halda utan um áhættur til þess að hægt sé að gera betur,“ sagði Guðný Helga.



Árangur í öryggismálum er ekki heppni, heldur ákvörðun.

Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS

Fram kom í máli hennar að enda þótt mikill árangur hefði náðst í forvörnum og miklar framfarir átt sér stað í öryggismálum á vinnustöðum undanfarin 20 ár, ættu Íslendingar enn langt í land í samanburði við nágrannalöndin.

Á ráðstefnunni kom jafnframt fram að samkvæmt rannsóknum slasa konur sig oftast en karlar – en karlarnir lenda hins vegar í alvarlegri slysum. Helstu orsakavaldar þessara slysa eru vinnusvæði, svo sem hálar fletir, lyftur og stigar, handverkfæri og iðnaðarvélar. ■

Heimilin borga dýrum dómum fyrir stýrivaxtahækkun Seðlabankans

Þegar stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær er að fullu komin fram í útlánsvöxtum banka hefur greiðslubyrði af 25 milljón króna húsnæðisláni aukist um allt að 1.224 þúsund krónur á ári og af 50 milljón króna láni um nálega 2,5 milljónir á ári.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Vaxtahækkun Seðlabankans í gær hefur áhrif á útlánsvexti banka og annarra lánastofnana. Stýrivextir hafa nú hækkað ellefu sinnum í röð og greiðslubyrði húsnæðislána hefur aukist stórum. Samt hefur dregið nokkuð úr muninum á stýrivöxtum og húsnæðisvöxtum.

Áður en vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst í maí 2021 voru stýrivextir bankans 0,75 prósent en algengir vextir á húsnæðislánum með breytilegum vöxtum voru 3,44 prósent. Fyrsta hækkun Seðlabankans var 0,25 prósentur, upp í 1,00 prósent, og vextir húsnæðislána hækkuðu um 0,10 prósentur, upp í 3,54 prósent. Einungis 2/5 hlutar stýrivaxtahækkunarinnar runnu inn í útlánvexti bankanna.

Næsta hækkun, í ágúst 2021, var líka 0,25 prósentur, upp í 1,25 prósent. Þá hækkuðu vextir húsnæðislána um 0,20 prósentur, upp í 3,74 prósent.

Aftur hækkuðu stýrivextir í október 2021 um 0,25 prósentur, upp í 1,50 prósent. Vextir húsnæðislána hækkuðu þá um 0,15 prósentur, upp í 2,89 prósent. Í nóvember hækkuðu stýrivextir aftur, nú um 0,5 prósentur, og vextir húsnæðislána um 0,4 prósentur.



Ásgeir Jónsson er formaður peningastefnunar Seðlabanka Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

	Jafngreiðslulán	Jafnar afborganir
25 millj.		
maí '21	124.353	155.000
feb. '21	198.618	257.083
50 millj.		
maí '21	248.706	310.000
feb. '21	397.237	514.167



Greiðslubyrði hækkar allt að 2,5 m.kr. á ári.

Bankarnir hleyptu ekki stýrivaxtahækkunum Seðlabankans að fullu út í útlánvexti sína fyrr en í júní á síðasta ári, þegar stýrivextir hækkuðu úr 3,75 prósentum í 4,75

prósent og vextir húsnæðislána fylgdu í kjölfarið, hækkuðu úr 5,49 prósentum í 6,59 prósent.

Síðan þá hefur hver einasta vaxtahækkun Seðlabankans ratað beint

inn í útlánvexti bankanna og fyrir hækkunina í gær voru vextir húsnæðislána 7,84 prósent. Þar sem stýrivextir hækkuðu um 0,5 prósentur er ekki óvarlegt að ætla að vextir á húsnæðislánum hækki brátt úr 7,84 prósentum í 8,34 prósent.

Hjá Arion banka fengust í gær þær upplýsingar að samkvæmt reynslu bankans séu 90 prósent nýrra íbúðalána jafngreiðslulán eða svonefnd annuitetslán. Sé horft einhver árið eftir í tímann sé um þriðjungur umsókna um óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum, þriðjungur um óverðtryggt lán með föstum vöxtum, tíundi hluti um verðtryggt lán með breytilegum vöxtum og fimmtungur um verðtryggt lán með föstum vöxtum.

Ef við skoðum hvernig greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána hefur breyst frá því að vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst fyrir 21 mánuði sést að mánaðarleg greiðslubyrði 25 milljóna jafngreiðsluláns til 25 ára hefur farið úr ríflega 124 þúsund krónum í tæplega 199 þúsund krónur, eða um 75 þúsund krónur á mánuði – 900 þúsund á ári.

Ef skoðað er lán með jöfnum afborgunum sést að mánaðarleg greiðslubyrði hefur hækkað úr 155 þúsund krónum í maí 2021 í röska 257 þúsund krónur, eða um 102 þúsund krónur á mánuði – 1.224 þúsund á ári.

Þessar tölur tvöfaldað ef skoðað er 50 milljón króna lán með sömu skilmálum. Lán af þessum stærðargráðum eru ekki óalgeng hjá heimilum sem nýlega hafa fest kaup á húsnæði. ■

Ekki fleiri grunaðir í ráðuneytinu

lovisa@frettabladid.is

DÓMSMÁL Fyrirverandi skrifstofustjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var sá eini í ráðuneytinu sem var til rannsóknar vegna embættisfærslu hans í tengslum við lög um fiskeldi. Hann óskaði þess að birtingu þeirra yrði frestað árið 2019. Ríkisendurskoðun segir í nýrri skýrslu sinni að embættið telji það alvarlegt að birtingu nýrra laga um fiskeldi hafi verið frestað árið 2019 eftir að starfsmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins óskaði eftir því.

„Hann var kærður og það rannsakað en ekki ástæða til að gefa út ákæru í málinu,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.

Héraðssaksóknari hóf árið 2021 rannsókn á embættisfærslunum en tilkynnti svo matvælaráðuneytinu,



Hann var kærður og það rannsakað en ekki ástæða til að gefa út ákæru í málinu.



Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari



Málið hefst í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu árið 2019 og lýkur hjá héraðssaksóknara árið 2022.

sem þá hafði tekið við málaflokknum, að rannsóknin hefði ekki leitt í ljós að þáverandi starfsmaður hefði ásett sér að misnota stöðu sína sér eða öðrum til ávinningis eða til nokkurs sem hallaði réttindum einstakra manna eða hins opinbera og að ekki væri þörf á frekari rannsókn á málinu. ■

2 FYRIR 1
á kver.is – kr. 2.999



Frí heimsending
á höfuðborgarsvæðinu!

VIVIAN ÓLAFSDÓTTIR

JACK FOX


ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

IAIN GLEN

NAAPO LEONIS SKJÖLLIN

KVIKMYND EFTIR ÓSKAR ÞÓR AXELSSON

KOMIN Í BIÖ



BYGGÐ Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRÍÐASON

STJÖRN KVIKMYNDATÖKU ÁRNI FILIPPUSON LEIKMYNDAHÖNNUN HEIMIR SVERRISSON TÓNLIST FRANK HALL BÚNINGAHÖNNUN SYLVÍA DÖGG HALLDÖRSDÓTTIR
GERVAHÖNNUN CARMEN BOTERMANN MARCUS MICHAEL KLIPPING GUNNAR B. GUÐBJÖRNSSON & KRISTJAN LÖDMFJÖRÐ HLJÓÐHÖNNUN NICOLAS LIEBING &
SINDRI ÞÓR KÁRASON MEDFRAMLEIÐENDUR JENS WOLF NESHE DEMIR DAGSKRÁRSTJÖRI ZDF DORIS SCHRENNER AÐSTODARFRAMLEIÐANDI FRANK SEYBERTH
FRAMLEIÐSLUSTJÖRI ERLINGUR JACK GUÐMUNDSSON YFIRFRAMLEIÐENDUR KJARTAN THOR THORDARSSON RALPH CHRISTIANS AÐALSTEINN JÓHANNSSON
BYGGT Á SKÁLDSÖGU EFTIR ARNALD INDRÍÐASON HANDRIT MARTEINN ÞÓRISSON FRAMLEIÐENDUR TINNA PROPPÉ HILMAR SIGURÐSSON ANITA ELSANI DIRK SCHWEITZER
LEIKSTJÖRN ÓSKAR ÞÓR AXELSSON



splendid entertainment



Film und Medien
Stiftung NRW



MMC

N ÞINGOR
MUNIPOR

NETA CINEMA

Nordisk
Film & TV Fond

SAMFILM



Skotvopn sem lögreglan haldlagði og sýndi í september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mál Guðjóns mögulega sent aftur til lögreglu

lovisa@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mál föður ríkislögreglustjóra, Guðjóns Valdimarssonar, og annarra einstaklinga vegna gruns um vopnalagabrot er enn opið og verður mögulega sent aftur til lögreglu til rannsóknar.

Málin komu öll upp við rannsókn á meintum skipulögðum hryðjuverkum þeirra Sindra Freys Birgissonar og Ísídórs Nathanssonar. Lögreglan gerði húslit á heimili Guðjóns í tengslum við rannsóknina og tók af honum skýrslu en hann hefur áratugum saman stundað vopnasölu og vopnasöfnun. Á heimili hans fundust á fjórða tug vopna sem hann gat ekki gert grein fyrir.

„Það er enn opið og ekki búið að taka ákvörðun um það,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari um mál föður ríkislögreglustjóra. Hann segir að hluti málna fari að öllum líkindum aftur til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að þar liggur rannsóknarforræði og ákæruforræði vopnalagabrota.

„Þegar þetta kemur hingað var óljóst hvernig eða hvort þetta tengdist og svo er þetta rannsakad og þetta er ekki hluti af efnisákerunni sem var að enda gefin út í hryðju-

”


Þetta eru nokkur tilvik og nokkrir einstaklingar þar sem grunur er um vopnalagabrot.

Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari

verkamálinu,“ segir Ólafur og að málin verði ekki afgreidd með þeim.

Hann segir að samtal við lögregluna sé hafið. Hann segir nokkra grunaða um brot á vopnalögum.

„Þetta eru nokkur tilvik og nokkrir einstaklingar þar sem grunur er um vopnalagabrot,“ segir hann og að aðallega séu einstaklingarnir grunaðir um vopnalagabrot en þó einnig önnur brot. Héraðsdómur vísaði á mánudag frá þeim ákærum er snúa að grunuðum hryðjuverkum þeirra Sindra og Ísídórs. Héraðssaksóknari hefur frest þar til í dag til að kæra úrskurð héraðsdóms. ■



Tjibbe Joustra, formaður hollensku flugslysaneftardarinnar, stendur við brakflugvélarinnar sem skotin var niður árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Líklegt að Pútín hafi útvegað eldflaugina

helgisteinar@frettabladid.is

HOLLAND Alþjóðlegir rannsakendur segja að allar vísbendingar bendi til þess að Vladímír Pútín hafi útvegað eldflaugina sem grandaði flugvél Malaysian Airlines númer MH17 árið 2014.

Farþegaflugvélin var á leið frá Amsterdam til Kúala Lúmpúr með 300 farþega um borð þegar hún var skotin niður af aðskilnaðarsinum í austurhluta Úkraínu.

Saksóknarar í málinu segjast búa yfir sönnunargögnum þess efnis að Pútín hafi útvegað skæruliðnum vopnin en ekkert bendi til þess að Rússar hafi skipað þeim að granda flugvélinni.


Rannsakendur greina frá símaupptökum á milli rússneskra embættismanna og skæruliða í Donbas-héraðinu þar sem þeim er sagt að ákvörðun um vopnaveitingu liggi fyrir hjá forseta landsins. Þeir segja einnig að beiðni þeirra um háþróuð vopn hafi verið samþykkt af Pútín.

Teymið hafði vonast til að geta borið kennsl á mennina sem sáu um að skjóta eldflauginni sjálfri en viðurkenndu að það væri ómöglegt að svo stöddu.

Rannsóknarteymið samanstendur af fólki frá Hollandi, Ástralíu, Belgíu, Malasíu og Úkraínu, en það voru þegnar þessara landa sem urðu verst úti þegar flugvélin var skotin niður. ■

Áætlaður meðaltalskostnaður í flugi árið 2025

samanber markmið um 55 prósentu minni losun, upphæðin reiknuð í dollurum.



Segir sérstöðu Íslands kalla á afslátt af losunargjöldum

Auknar skattaálögur sem ESB er með á borðinu til varnar hnattrænni hlýnun gætu leikið millilandaflug flugfélaga grátt hér á landi og skaðað þjóðarframleiðslu verulega. Katrín Jakobsdóttir falast eftir undanþágu til að greiða ekki gjöldin.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir ekki vandræðalegt fyrir sig sem formann flokks sem kennir sig við umhverfisvernd að hún hafi sent Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, bréf þar sem farið er fram á fríar losunarheimildir í flugi sem teygir sig lengra en 500 kílómetra frá Íslandi.

Bréfið er viðbrögð við fyrirhuguðum breytingum ESB um aukna skattlagningu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í flugi. Tillögurnar koma sérlega illa við Ísland efnahagslega.

Katrín skrifar í bréfinu að Ísland styðji markmið áætlunar ESB um að minnka losun um 55 prósent fyrir árið 2030 en segist hafa þungar áhyggjur af tillögum um losun vegna flugs sem flokkað er undir ETS, viðskiptakerfi ESB.

„Þetta bréf snýr eingöngu að flug-samgöngum,“ segir Katrín í samtali við Fréttablaðið. „Tilgangur breytinganna er að beina fólki í lestir eða almenningssamgöngur í stað þess að fara í flug. Við Íslendingar erum aftur á móti með þá sérstöðu að við getum ekki nýtt aðra samgöngukosti en flug frá landinu.“

Katrín segir að engar beinhardar umhverfisvænar lausnir hafi komið fram er varði flugvélaeldsneyti í lengri flugferðum. „Þessi aðferðafræði bitnar því hlutfallslega verr á okkur en nokkru öðru landi.“

ETS er meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála, ætlað að skapa hagrænan hvata í þeim tilgangi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.


Ef tillögur ESB verða að veruleika gætu áhrifin orðið mjög alvarleg fyrir flugið Íslands og efnahag þjóðarinnar. Aukinn kostnaður vegna umhverfisskatta yrði íþyngjandi fyrir flugfélög með aðsetur á Íslandi að því er segir í bréfi Katrínar. Breytingarnar skapi óhagræði í samkeppni flugfélaga, staða alþjóðflugvallarins í Keflavík kunní að skerðast verulega og neikvæð áhrif orðið á tengiflug.

„Sem eyja í Norður-Atlantshafi er Ísland mjög háð flugi,“ skrifar Katrín í bréfinu sem barst forseta



Blikur eru á lofti í rekstri íslenskra millilandaflugfélaga að óbreyttu

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Forsætisráðherra er ómyrkur í máli í bréfi til Ursulu von der Leyen.

”

Þessi aðferðafræði bitnar því hlutfallslega verr á okkur en nokkru öðru landi.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra


framkvæmdastjórnar ESB í fyrri-summer.

Orðið „hættuástand“ er notað í bréfi Katrínar og rætt um alvarlegar afleiðingar fyrir efnahag og tengsl Íslands við önnur lönd. Um 14 prósent þjóðarframleiðslunnar eru háð flugiðnaði hér á landi.

Í skjölum sem Katrín sendir með bréfinu fylgja nokkrar sviðsmyndir, gróf sem renna stöðum undir þá staðhæfingu að breytingarnar bitni hardast á Íslandi.

„Nei, það tel ég ekki vera,“ segir Katrín, spurð hvort það sé vandræðalegt fyrir hana sem formann flokks sem kennir sig við umhverfisvernd að falast eftir undanþágu frá aðgerð sem ætlað er að minnka losun og hamla gegn hlýnun loftslags.

Forsætisráðherra segir að ef hún gæti sagt landsmönnum að taka lest eða strætó þegar við ferðumst til útlanda kynni málið að horfa öðruvísi við. ■



TIL SÖLU

MARÍUGATA 1

210 GARÐABÆ

2ja til 4ra herbergja íbúðir. //66,5fm – 130,3fm.// Verð frá 59.900.000kr

Frábær staðsetning innst í hverfinu nálægt náttúruperlunni Heiðmörk.
Falleg áklæðning og hönnun sem ber af. Mikið útsýni.
Gólfsíðir gluggar sem skapa mjög bjart og fallegt rými.

- Aðalhönnuður er Úti og inni arkitektar
- Skilast fullbúnað að innan, með öllum gólfefnum
- Í eldhúsi eru þýskar innréttingar, Nobilia frá GKS
- Raftæki í eldhúsi eru frá AEG. Innbyggður kælikápur með frysti og uppvottavél
- Hvítir fataskápar frá Parka
- Innbyggð LED-ljós og kubballjós
- Bílastæðahús fyrir stærri eignir
- Engin þrep í penthouse gengið beint út á svalir

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



Guðrún Antonsdóttir

Löggiltur fasteignasali

S:6212020

gudrun@fastlind.is

SKANNAÐU FYRIR VIDEO



www.fastlind.is

NEYTENDUR

Allan vafa verður að túlka neytendum í hag



Ólafur
Arnarson
olafur
@frettabladid.is

Neytendasamtökin hafna þeim útskýringum Íslandsbanka að bankinn geti ekkert gert til að liðsinna viðskiptavinum sem lenda í klóm smálánafyrirtækja. Framkvæmdastjóri samtakanna segir skýr lagaákvæði kveða á um endurgreiðslurétt neytenda.

Í Fréttablaðinu í síðustu viku var fjallað um mál einstæðrar móður sem hafði lent í því á útborgunardegi að launareikningur hennar var tæmdur með tíu skuldfærslum frá smálánafyrirtækinu Núnú lán ehf. Samtals voru skuldfærðar tæplega 290 þúsund krónur, sem allar voru 28.800 krónur eða rúmlega það.

Konan hafði tekið lán hjá Núnú fyrir einu og hálfu ári, að því er fram kom í nafnlausri færslu hennar í Facebook-hóp. Þar birtist jafnframt skjáskot úr appi Íslandsbanka af þessum færslum á reikningnum.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka í síðustu viku segist bankinn ekkert geta gert í þeim tilfellum er neytendur heimila sjálfir skuldfærslu af greiðslukortum sínum.

Í lögum um greiðsluþjónustu númer 114/2021 segir í 82. grein:

„82. gr. Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu setur af stað eða hefur milligöngu um.

Greiðandi á rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitanda sínum vegna heimilaðrar greiðslu sem viðtakandi hefur sett af stað eða haft milligöngu um ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt,

b. fjárhæð greiðslunnar var hærrí en svo að hægt væri að gera ráð fyrir að greiðandi réði við þá fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans fram að því, skilmála í rammasamningi og málsatvik að öðru leyti.“

Þegar Fréttablaðið spurðist fyrir um hvort þessi lagagrein þýddi ekki einmitt að bankinn hefði úrræði til að aðstoða viðskiptavinum sem lenda í svona málum barst eftirfarandi svar:

„Bankinn reynir ávallt að aðstoða viðskiptavinum sína hafi hann heim-



Íslandsbanki telur neytendur sjálfa hafa gefið heimild til skuldfærslu og því geti bankinn ekkert gert þeim til hjálpar þótt smálánafyrirtæki tæmi reikninga þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Viðskiptamódel smálánafyrirtækja virðist hins vegar ganga út á að innheimta háan innheimtukostnað.



Brynhildur
Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna

ildir til þess. Ekki er hægt að slá því föstu hver ber ábyrgð í málum líkum þeim sem þú nefnir. Skoða þarf hvert og eitt tilvik fyrir sig en rétt er að benda á að bankinn tjáir sig aldrei um mál einstakra viðskiptavina.

Varðandi tilvísun þína í ákvæði 82. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 þá er það þannig að reikningar viðskiptavina eru aldrei skuldfærðir nema með vitund og samþykki viðskiptavinarins. Þó krafa sé stofnuð á kennitölu viðskiptavinar þá leiðir það ekki til þess að jafnframt stofnir heimild til að skuldfæra reikning viðskiptavinar.

Viðskiptavinur getur hins vegar hvenær sem er afhent kortanúmer debetkorts sem staðfestingu á að skuldfæra eigi viðkomandi greiðslukort fyrir einstakri greiðslu eða röð greiðslna vegna greiðslu á vöru eða þjónustu. Það er viðskiptavinurinn sjálfur sem

gefur upp debetkortanúmer sitt til staðfestingar á að það sé sú greiðsluleið sem hann óskar eftir.“

Fréttablaðið bar svar bankans undir Brynhildi Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna. Hún segir samtökin telja mjög óeðlilegt og andstætt lögum að skuldfæra lán eftir að það hafi farið í gegnum allt innheimtuferlið. „Ef heimild er til staðar ætti að skuldfæra lánið á eindaga, ekki síðar. Viðskiptamódel smálánafyrirtækja virðist hins vegar ganga út á að innheimta háan innheimtukostnað þannig að það virðist lítil hvati til að skuldfæra lán áður en innheimtuferlið er sett af stað. Þar af leiðandi teljum við eðlilegt að bankarnir taki við kröfum lántakenda um endurgreiðslu. Allan vafa um um það hvort skuldfærsluheimildin nái einnig yfir innheimtukostnað



verður auk þess að túlka neytanda í hag,“ segir Brynhildur. ■



Íslandsbanki telur bankann ekkert geta gert þegar neytendur heimila skuldfærslur af reikningum þeirra. Neytendasamtökin segja neytendur eiga skýran rétt til endurgreiðslu í vissum tilfellum.

Svikin um tugi milljóna á netinu

olafur@frettabladid.is

Nokkuð hefur borið á því að undanförunu að eldri borgarar hafi orðið fórnarlömb netsvindls.

Í þessari viku hafa þrjú leitað til Neytendasamtakanna með mjög sambærileg mál. Þeim berst fjárfestingartilboð á netinu og eru sett í samband við „ráðgjafa“ sem „aðstoðar“ þau við þau skref sem þarf að fara í gegnum til að fjárfesta. Allt lítur þetta faglega og lögmætt út. „Ráðgjafinn“ fær síðan yfirráð yfir tölvu þeirra með þeirra samþykki og það næsta sem er vitað er að búð er að tæma bankareikninga.

Tjón þeirra þriggja sem leituðu til Neytendasamtakanna í vikunni er samtals um 20 milljónir króna og tapaði einn einstaklingur 12 milljónum. Samtökunum er kunnugt um að einstaklingur hafi tapað 60 milljónum á svona svindli.

Neytendasamtökin brýna fyrir fólki að treysta ekki í blindni. Jafnframt sé mikilvægt að tilkynna allar svona tilraunir til lögreglu. Einnig er hægt að leita til samtakanna eftir ráðgjöf. ■

Vaxtamálið snýst um tugi milljarða

olafur@frettabladid.is

Héraðsdómur dæmdi í gær Landsbankann til að endurgreiða lántakendum oftekna vexti af lánunum en Arion banki var sýknaður í svipuðu máli.

Það voru Neytendasamtökin, með stuðningi frá VR, sem stóðu að baki málshöfðun fjögurra lántakenda, tveggja í hvorum banka.

Málið snýst um að skilmálar flestra lána með breytilegum vöxtum eru ólöglegir að mati Neytendasamtakanna. Ákvarðanir um vaxtabreytingar séu verulega matskenndar og byggist á óskýrum skilmálum. Af þeim sökum geti neytendur ekki sannreynt hvort þær séu réttmætar.

Að mati Neytendasamtakanna varðar þetta öll lán með breytilegum vöxtum til neytenda, bæði verðtryggð og óverðtryggð, hjá öllum bankastofnunum. Gildir þetta líka um lán sem bera „fasta vexti“ hluta lánstímans, til dæmis í 3 til 5 ár. Þar sem vextir þeirra geta tekið breytingum að þeim tíma liðnum telja samtökin að þau séu í raun lán með breytilegum vöxtum.

Neytendasamtökin telja að hér



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna


sé um að ræða hagsmuni upp á tugi milljarða – talan 70 milljarðar hefur verið nefnd.

Út frá því að útlán viðskiptabankanna til heimilanna nema meira en 1.550 milljörðum, en samtökin telja að stærstur hluti þessara lána sé með ólöglega skilmála um breytilega vexti, nemur hvert prósentustig til eða frá meira en 15 milljörðum króna á ári hverju.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin telja að viðskiptabankarnir séu að taka allt að 2,25 prósentum of háa vexti af lánunum, sem þýðir að oftaka bankanna geti numið tugum milljarða á ári hverju.

Breki segir mismunandi milli lána um hversu háar upphæðir ræðir, en einnig skipti máli hvernig dómstólar túlki reglur um fyrningu krafna. ■

Þróun stýri- og húsnæðisvaxta frá maí 2021



	Stýrivextir	Óverðtryggt húsnæðislán breytilegir vextir
Mars 2021	0,75%	3,44%
Maí 2021	1,00%	3,54%
Ágúst 2021	1,25%	3,74%
Október 2021	1,50%	3,89%
Nóvember 2021	2,00%	4,29%
Febrúar 2022	2,75%	4,79%
Maí 2022	3,75%	5,59%
Júní 2022	4,75%	6,59%
Ágúst 2022	5,50%	7,34%
Október 2022	5,75%	7,59%
Nóvember 2022	6,00%	7,84%
Febrúar 2023	6,50%	?



Helgi Steinar
Gunnlaugsson
helgisteinar
@frettabladid.is

Eiga enn mörg góð ár eftir í rekstri

Air Atlanta er eini íslenski flugrekandi Boeing 747-flugvéla en síðasta breiðpotan sem smíðuð verður var afhent í síðustu viku. Forstjóri félagsins segir það mikla synd að framleiðslunni hafi verið hætt.

helgisteinar@frettabladid.is

Baldvin Már Hermannsson, forstjóri Air Atlanta, segir að Boeing 747-þotur félagsins eigi enn mörg ár eftir í rekstri þrátt fyrir að framleiðsla þeirra sé nú liðin tíð. Félagið hafi þegar á undanförunum árum undirbúið endurnýjun á flota félagsins yfir í tveggja hreyfla flugvélar.

„Við vissum að það kæmi að þessum tímamarki fyrir þó nokkru síðan og þó svo að framleiðsla á þessum vélum stöðvist þá hefur það engin skjót áhrif á okkur,“ segir Baldvin. Hann bætir við að flestar 747-þotur félagsins séu á langtíma-samningi til ársins 2026 eða lengur.

Baldvin segir það mikla synd að framleiðslu á Boeing 747 hafi verið hætt þar sem engin flugvél hafi sömu burðargetu og eiginleika. Hann segir að í ákveðnum tilfellum sé þetta eina flugvélin sem geti mögulega tekið ákveðna stærð og tegund affarmi.

Tímabili jumbópotunnar lauk formlega í síðustu viku þegar bandaríski flugvélaframleiðandinn Boeing afhenti síðustu Boeing 747-þotuna til fraktflugfélagsins Atlantic Air. Breiðpotan hafði öðlast vidurnefnið „drottning himinsins“ og var hún í notkun í fimm áratugi. Hún gegndi meðal annars lykilhlutverki í að lækka flugfargjöld og var sterk ták bandarískrar flugmenningar.

Air Atlanta hefur verið stærsti flugrekandi Boeing 747 á Íslandi. Áætlanir lágu fyrir hjá Loftleiðum árið 1972 um að kaupa tvær slíkar þotur en ekkert varð úr þeim áformum. Áratug síðar notuðu Flugleiðir eina 747 breiðpotu í pílgrímaflugi um skamma hríð.

Félagið rekur í dag fjórtán 747-400 fraktvélar, en fram að Covid höfðu



70 til 80 prósent af heildartekjum félagsins komið frá farþegaflutningum. Félagið neyddist til að umturna rekstri sínum í heimsfaraldrinum og þurfti Air Atlanta að breyta farþegaflugvélum sínum yfir í fraktvélar til að viðhalda rekstri.

„Frá þeim tíma höfum við ekki flogið nein farþegaflug fyrir utan eitt pílgríma-tímabil í fyrra. Farþegaflugin okkar hafa verið nánast engin en við vonumst til að koma þeim rekstri af stað almennilega í sumar. Stefnan er svo að hafa þrjár til fimm farþegaflugar í fullum rekstri í lok þessa árs,“ segir Baldvin Már. Áform félagsins næstu fjögur til



Það er ekkert óalgennt að sjá 20 ára gamlar flugvélar á lofti.

Baldvin Már Hermannsson,
forstjóri Air Atlanta

fimm árin verða að færa reksturinn yfir í tveggja hreyfla vélar, til að mynda Boeing 777-flugvélar. Myndi Air Atlanta hins vegar bjóðast að kaupa 747-flugvélar á réttu verði segir Baldvin að félagið myndi ekki hika við að kaupa þær.

„Margar af þessum 747-vélum munu fljúga til 2030 eða jafnvel lengur. Þó svo að framleiðsla á 747-8 hætti á vélin samt enn fjölmörg góð ár fram undan. Það er ekkert óalgennt að sjá 20 ára gamlar flugvélar á lofti,“ segir Baldvin og bætir við að aldur flugvéla skipti ekki öllu máli, heldur sé það hversu vel þeim er haldið við. ■

Forstjóri Air Atlanta vonast til að koma rekstri farþegaflugs almennilega af stað í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Ólíkt ríkinu hafa heimilin sparað

olafur@frettabladid.is

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhaf fræðingur Arion banka, óttast að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands taki ekki nægilegt tillit til þess hve hæg miðlun peningastefnunnar er út í hagkerfið.

Erna var gestur Markaðarins á Hringbraut í gærkvöldi og ræddi vaxtahækkun Seðlabankans, en í gærmorgun tilkynnti peningastefnunefnd bankans um 0,5 prósentu hækkun stýrivaxta bankans. Þetta er ellefta vaxtahækkun bankans í röð og standa meginvextir bankans nú í 6,5 prósentum en voru 0,75 prósent í maí 2021 þegar vaxtahækkunarferli bankans hófst.

Hún bendir á að auk vaxtatekisins hafi Seðlabankinn beitt fjármálastöðugleikaúrræðum í baráttu við verðbólgu undanfarið misseri. Engin reynsla sé komin á samvirkni vaxtahækkana og beitingu fjármálastöðugleikaúrræða og því sé Seðlabankinn í ákveðinni tilraunastarfsemi á kostnað heimilanna í landinu. Slíkt sé mjög óheppilegt og geti haft dýrkeyptar afleiðingar fyrir heimilin.

Erna telur það sæta nokkurri furðu að peningastefnunefnd skuli nú benda á kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem sérstaka ógnun við verðlagsstöðugleika. Seðlabankastjóri hafi sérstaklega lýst því yfir í desember að þeir ógnuðu ekki fjármálastöðugleika og þessi afstöðubreyting komi á óvart.



Erna Björg Sverrisdóttir,
aðalhaf fræðingur Arion banka, átelur tilraunastarfsemi peningastefnunefndar Seðlabankans.
MYND/HRINGBRAUT



Erna segir enga reynslu komna á samvirkni vaxtahækkana og beitingu fjármálastöðugleikaúrræða og því sé Seðlabankinn í ákveðinni tilraunastarfsemi á kostnað heimilanna í landinu.

Peningastefnunefnd vísar einnig í mikinn hagvöxt á síðasta ári til réttlætningar vaxtahækkuninni. Erna segir peningastefnuna eiga að horfa til framtíðar en ekki fortíðar, vont sé að fara eftir baksýnispeglinum.

Hún lýsir áhyggjum af miklum hallarekstri ríkisins og telur hann ganga gegn verðbólgu markmiðum. Þá gagnrýnir hún stjórnámamenn sem ásaki almenning í landinu fyrir að stuðla að þenslu og verðbólgu með eyðslusemi sinni. Ólíkt ríkissjóði hafi heimilin í landinu safnað sparnaði og eigi mikinn sparnað á sama tíma og ríkið safni skuldum og sýni lítið aðhald.

Erna telur sýn peningastefnunefndar til framtíðar boða meiri vaxtahækkunir á næstunni. ■



Erna segir heimilin hafa safnað sparnaði á meðan ríkið safni skuldum og sýni lítið aðhald.



Erna telur Seðlabankann horfa of mikið um öxl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skýr skilaboð



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Skilaboð ráðandi afla við ríkisstjórnarborðið eru skýr: blásam glæðum í verðbólguþáttum, gerum heimilunum erfiðara um vik að ná endum saman, sem eykur enn frekar á vaxtabyrðina svo hvorki unga fólk né aðrir landsmenn eigi möguleika á að verða sér úti um húsnæði á viðráðanlegum kjörum, en það hægir vitaskuld á smíði nýrra íbúða og leggur stein í götu verktaka.

Skýrari geta skilaboðin ekki verið.

Lamandi hönd hins opinbera er að herða tök sín á samfélaginu.

Gjaldahækkunarhrina hins opinbera lýsir eindregnum ásetningi; eldsneytisgjaldið er hækkað, bifreiðagjöldin eru hækkuð og áfengisgjaldið er hækkað, allt á sama tíma – og allt í þágu ríkissjóðs sem á með þessum hætti að hafa tólf milljarða af alþýðu fólks sem margt hvert nær ekki endum saman sakir óheyrilegra verðhækkana á mat og lyfjum, húsnæði og öðrum nauðsynjum.

Þar fyrir utan hefur ríkið engan áhuga á að halda aftur af verðþenslunni á landbúnaðarvörum, þótt það hafi stjórnþeki til þess arna.

Það skal öllu velt út í verðlagið. Gömlu víxlverkun kaupgjalds og verðlags skal hleypt eins og stírbúsalegum beljum út á tún.

Viðvarandi vaxtahækkunar, sem virðast vera einu viðbrögðin við endalausum gjaldskrárhækkunum, munu svo leiða til hækkunar á vísitölu neysliverðs, en æ meiri dyrtið á húsaleigumarkaði vegur þar þungt, þrátt fyrir að húsnæðisverð sé farið að lækka. Hringavitleysan á Íslandi snýst af gamalkunnu stjórnleysi.

Á sama tíma er engin vilje til að gæta hófs í ráðningum og kjarabótum. Þvert á móti sagnar ríkisvaldið til sín mannskap úr einkageiranum sem getur ekki lengur keppt við ríkisfyrirtæki um laun og kjör.

Nú er svo komið að einkaframtakið á Íslandi efnir til ráðstefnu með einkar lýsandi nafngift yfir stöðu mála á Íslandi: Er ekki bara best að vinna hjá ríkinu?

Og svarið er júl! Og það er vegna þess að það er búið að snúa öllu á hvolf í landinu.

Ríkið, sem áður gekk á undan með góðu forðæmi í aðhaldi og sparnaði, dregur nú bæði launavagninn á harðaspretti og fjölgar í liði ríkisstafsmanna sem aldrei fyrr.

Einkageirinn horfir gáttaður upp á þessi umskipti, en honum er svarað því einu að svona hátti bara til í samfélaginu, eftir faraldurinn og niðursveifluna sem honum fylgdi sé eðlilegt að launafólk leiti ásjár og öryggis hjá fyrirtækjum hins opinbera sem aldrei þurfa að hagræða, hvað þá að segja upp fólki, eins og blasir við á berangri einkarekstursins.

Svona er nú komið fyrir vinstristjórn Sjálfstæðisflokksins. ■

”

Lamandi hönd hins opinbera er að herða tök sín á samfélaginu.

„Það er svo gott að tala við einhvern sem hefur farið í gegnum svipaða reynslu“

Kolluna upp fyrir öll sem berjast við krabbamein og aðstandendur!

lifidernuna.is **KRAFTUR**

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Eftirlit með eftirliti

Eftirliti er ábótavant á Íslandi. Hvert sem lítið er vantar eftirlit. Hægt er að byrja á fiskeldinu þar sem ný skýrsla bendir á skort á eftirliti. Fiskeldi á Íslandi er bara eins og villta vestrið. Það er ekkert eftirlit með því. Allir mega gera bara það sem þeir vilja enda enginn að fylgjast með. Það á að fylgjast með en enginn gerir það. Það er svoltið galin þæling. Byggingariðnaðinn sárvantar eftirlit. Þar vaða fúsakarar og kennitöflakkarar uppi með myglu og leka og uppáskrift hins opinbera sem verðlaunar þá með byggingu nýs Landspítala, eins og dæmin sanna – sem er hálf galið.

Hver trúir?

Lestri Fréttablaðsins í gær fylgdi ákveðinn ömurleiki þar sem fjallað var um slægt eftirlit með slátrun kjúklinga. „Þar að auki er eftirlit með skoðun fugla eftir slátrun slakt,“ segir í skýrslu Eftirlitsstofnunar ESA sem vitnað var til í frétt blaðsins. Að sjálfsögðu hefur Matvælastofnun svarað þessum fullyrðingum um málið með tilkynningu þar sem segir að stofnunin hafi brugðist hratt við athugasemdunum og bætt úr ákveðnum þáttum. Já, einmitt. Það er enginn að trúa þessum fullyrðingum. Starfsfólk þar er alveg jafn vonlaust og annars staðar hjá bákninu þegar eftirlit er annars vegar. Það er ekkert. ■

Orkulæsi eykst



Guðlaugur Þór
Þórðarson
umhverfis-, orku-
og loftslagsráð-
herra

Umræða um mismunandi orkukosti hefur aukist undanfarna mánuði og þekking almennings er meiri. Einnig styttest í að starfshópur um vindorku skili niðurstöðum sínum. Í umræðu um mismunandi orkukosti er mikilvægt að við áttum okkur á stærðunum sem um ræðir.

Það var gífurlega mikilvægt skref að rjúfa kyrrstöðuna sem hafði varað í tæpan áratug þegar við samþykktum þriðja áfanga rammaáætlunar í fyrra. Í þriðja áfanganum voru 214 MW setti í nýtingarflokk í vatnsafl, 220 MW í vindorku og 865 MW í jarðvarma. Áform um framkvæmdir í jarðvarma fara þó fyrst og fremst í að anna aukinni eftirspurn eftir heitu vatni til húshitunar og þar eru mjög stór verkefni fram undan.

Stærsta vatnsaflsvirkjun landsins er Fljótssalsstöð, oftast nefnd Kárahnjúkavirkjun. Uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 MW. Það má öllum vera ljóst að það eru engin teikn á lofti um slíkar framkvæmdir á næstu áratugum.

Hvað er í kortunum

Einu framkvæmdirnar sem lagt verður í og munu mögulega komast í notkun fyrir árið 2030 er nýting vatnsafls í Hvammsvirkjun og nýting vindorku í Búrfellslundi. Uppsett afl Hvammsvirkjunar er 95 MW og Búrfellslundar 120 MW.

Grænbókin um stöðuna í orkumálum gerir ráð fyrir að við þurfum 650 MW fyrir 2030 og 3.000 MW til þess að ná fullum orkuskiptum. Þá erum við að tala um uppsett afl sem er hámarksafl en nýtingin er mismunandi eftir orkukostum. Langtum meiri í vatnsafl og jarðvarma en vindorku.

Hafa skal í huga að ákveðið hefur verið að stækka virkjanir um 190 MW og vonir standa til að bætt orkunýting skili 120 MW en það breytir ekki því að það þarf meiri græna orku.

Það liggur í augum uppi að erfitt verður að ná samfélagslegri sátt um að virkja 30 vatnsaflsvirkjanir á stærð við Hvammsvirkjun á næstu árum. Það er ljóst að við munum þurfa að framleiða meiri græna orku og fara betur með orkuna okkar til þess að ná settum markmiðum um 55% samdrátt í losun á beina ábyrgð Íslands og kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. ■

”

Í umræðu um mismunandi orkukosti er mikilvægt að við áttum okkur á stærðunum sem um ræðir.

Kapítalismi og samkeppni

Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Kapítalismi er ekki hrifandi orð. En fram hjá því verður ekki horft að samhlíða velferðarþjónustunni skapar hann eftirsóknarverð gæði fyrir fjöldann. Bankar eru svo musteri kapítalismans.

Samkeppni er ásamt eignarrétti forsenda kapítalismi. Það þýðir að því minni sem samkeppnin er því minni er kapítalismi. Af sjálfu leiðir að hvergi er virk samkeppni mikilvægari en einmitt á markaði fjármálafyrirtækja.

Góð tíðindi

Samkeppni milli þriggja stærstu bankanna hefur lengi verið ófullkomin. Samt bólar stundum á henni.

Um miðjan nóvember greindi forstjóri Kviku banka frá því að frumkvæði bankans að nýrri og kostnaðarlitilli tæknilausn hefði haft umtalsverð samkeppnisáhrif með hærri innlánsvöxtum. Hann reiknaði með að frumkvæðið hefði skilað heimilunum um tíu milljörðum króna á einu ári.

Þetta er dágóð upphæð, sem skiptir heimilin máli, þótt hún sé ef til vill ekki stórt hlutfall af heildarumfangi bankanna.

Tíðindi af þessu tagi eru svo fá að þau hefðu verðskuldað meiri athygli en raun varð á. Þau sýna að samkeppni er möguleg.

Svo lengi sem

Eigendur Íslandsbanka þurfa nú að taka afstöðu til óska Kviku banka um samrunaviðræður. Það væri lítið umhugsunarefni fyrir almenning nema fyrir þá sök að ríkissjóður á enn riflega tvo fimmtu hluta bankans.

Það er fullkomlega eðlilegt að eigendur bankanna sjái sóknarfæri í sameiningu og möguleika til þess að auka verðmæti hlutabréfa sinna svo lengi sem samkeppni er nægjanlega virk til að tryggja viðskiptavinum, heimilum og fyrirtækjum, eðlilega hlutdeild í væntum ávinningi.

Nýr banki yrði aukheldur að stórum hluta í félagslegri eigu ríkissjóðs og lífeyrissjóða. Að sama skapi myndi ávinningurinn styrkja eignastöðu félagslega hluta þjóðarþúsins.

Mögulega bætir samruni hag neytenda. Líkur á því hafa þó enn ekki verið leiddar í ljós.

Vandinn

Eini vandinn í þessu máli felst í hinu að ríkissjóður er ekki venjulegur eigandi að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði.

Almennir hluthafar láta reyna á afstöðu Samkeppniseftirlitsins eftir að þeir hafa komist að niðurstöðu. Það eru eðlilegar leikreglur.

Ríkið á hins vegar að hafa skoðun á því samtímis hvort samruni sé hagkvæmur og samkeppni næg til að neytendur tapi ekki.

Þetta leiðir einfaldlega af því að samkeppni og neytendavernd eru kjarnaviðfangsefni ríkisins en ekki annarra hluthafa.

Fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar benda hins vegar til þess að hún ætli ekki að leggja sjálfstætt mat á samkeppnisstöðuna.

Pólitik

Þessi afstaða þarf ekki að brjóta í bága við lög. Hún endurspeglar bara sameiginlega pólitik stjórnarflokkanna varðandi samkeppni og neytendavernd.

Lög um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum segja skýrt að það skuli ávallt vera markmið með sölu að efla virka og eðlilega samkeppni. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að fyrir fram skuli meta samkeppnisáhrifin.

Í bæði skiptin sem sala á bréfum ríkissjóðs í Íslandsbanka hefur farið fram var þessi lagaskylda virt að vettugi. Athyglisvert er að eftirlitsaðilar hafa ekki gert athugasemdir við það, jafnvel ekki stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Að þessu leyti er lagaumgjörðin of veik þegar ríkisstjórnir sitja,



sem líta á samkeppni sem vikjandi markmið en ekki forsendu markaðsbúskapar. Slik sjónarmið þekkjast lengst til hægri og lengst til vinstri.

Skýldurækinn ráðherra

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá 2018 segir að stofnast til nýrra yfirráða við sölu á eignarhlutum þyrftu stjórnvöld þegar við undirbúning slíkra ákvarðana að taka afstöðu til þess hvort í henni felist skerðing á samkeppni, sem leitt geti til íhlutunar eftirlitsaðila.

Í því ljósi ætti að vera ákvæði í eigendastefnu ríkisins, sem gerði fulltrúum skattborgaranna á hlut-

hafafundum fjármálafyrirtækja að gera fyrir fram rökstudda grein fyrir mögulegum samkeppnisáhrifum ákvarðana um samruna.

Frá sjónarmiði almannahagsmuna er samkeppnin mikilvægari en hlutabréfaverðið. Þess vegna þurfa þeir sem fara með eignarhlut ríkisins að hugsa öðruvísi en aðrir hluthafar. Það er fylgifiskur opinbers eignarhalds.

Skýldurækinn ráðherra samkeppnismála myndi núna taka málið upp á borð ríkisstjórnar og óska eftir að eigendastefna ríkisins yrði gerð skýr og afdráttarlaus um þessi efni áður en fulltrúar ríkisins taka afstöðu. ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



JAGUAR E-Pace S

Nýskr. 1/2020, ekinn 49 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 6.690.000 kr.

Rnr. 421086.



LAND ROVER Range Rover Vogue P400e

Nýskr. 8/2019, ekinn 91 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 13.990.000 kr.

Rnr. 149626.



LAND ROVER Discovery Sport P300e

Nýskr. 5/2021, ekinn 37 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 8.590.000 kr.

Rnr. 421088.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED



LAND ROVER Discovery Sport

Nýskr. 5/2020, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur, 7 manna.

Verð: 8.390.000 kr.

Rnr. 149446.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED



JAGUAR I-Pace EV400 SE

Nýskr. 10/2019, ekinn 39 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 9.490.000 kr.

Rnr. 333027.



LAND ROVER Range Rover Sport HSE P400e

Nýskr. 7/2019, ekinn 46 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 11.890.000 kr.

Rnr. 421089.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Margar hliðar fiskeldis



Halla Signý
Kristjánsdóttir
þingmaður
Framsóknar

Út er komin skýrsla sem hefur að geyma stjórnsýsluúttekt ríkisendurskoðanda á lagaframkvæmd, stjórnsýslu og eftirliti á sjókvældi hér við land en stjórnsýsluúttektin var gerð að beiðni matvælaráðherra. Niðurstöður skýrslunnar koma ekki á óvart en það eru þó um leið ákveðin vonbrigði að fá það staðfest hversu illa hefur gengið við að byggja upp umgjörð og stjórnsýslu utan um greinina.

Á vörþingi 2019 var lagaramm-inn uppfærður og var lagt upp með að efla frekari umgjörð um sjálfbært fiskeldi til framtíðar. Þegar frumvarpið var lagt fram var það byggt á vinnu stefnumótunarhóps sjávarútvegsráðherra sem skilaði af sér skýrslu haustið 2017. Í meðferð þingsins var byggt enn betur undir kröfur um vernd villtra nytjastofna ásamt því að gætt yrði að umhverfisverndarsjónarmiðum, heilbrigði og umhverfisvernd með mótvægisáðgerðum og ströngu eftirliti.

Eftirlit fest í sessi

Í lögum var fest í sess áhættumat erfðablöndunar. Meðal þeirra breytinga var að lögfasta mótvægisáðgerðir sem stofnanir sem vinna að leyfisveitingum verða að taka tillit

til. Það er mat Ríkisendurskoðunar að mótvægisáðgerðirnar hafi ekki verið nýttar sem skyldi en að mínu mati var vilji löggjafans skýr um að nýta mótvægisáðgerðir sem meðal annars hafa reynst vel í Noregi. Á sama hátt þarf áhættumat erfðablöndunar að endurspeglar notkun þessara mótvægisáðgerða.

Það var líka skýrt í lögum að Hafrannsóknarstofnun var gert að fylgjast með lífríkinu, ástandi þess fyrir upphaf eldis og breytingum á því meðan eldi stendur með það að markmiði að standast viðmið á burðarþoli svæðanna og hefur Hafrannsóknarstofnun unnið í vöktunarverkefni samkvæmt því síðastliðin ár.

Öflug atvinnugrein sem skilar milljörðum í þjóðarbúið

Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein sem getur skipt sköpum fyrir okkur sem þjóð í framtíðinni en mikilvægt er að setja skýrt og sanngjarnt regluverk í kringum það. Aðeins þannig náum við fram markmiðum um að greinin verði sterk og öflug á sama tíma og við tryggjum sjálfbæra þróun og vernd lífríkisins. En þau markmið þurfum við ávallt að hafa að leiðarljósi. Þá eiga nýleg lög um gjaldtöku í fiskeldi að tryggja vaxandi tekjur með vaxandi eldi.

Útflutningur og útflutningsverðmæti laxeldisafurða hefur aukist í samræmi við aukna framleiðslu og var nærri 30 ma. kr. árið 2021 og var alls slátrað 53,1 þúsund tonnum af fiski úr eldi á því ári. Uppbygging sjókvældis hefur farið fram á Vest-



fjörðum og Austfjörðum og hefur breytt samfélögum á þessum svæðum til betri vega og það má svo sannarlega þakka sjókvældinu fyrir gríðarlega öfluga uppbygging á landsbyggðinni.

En öllum greinum í örum vexti fylgja vaxtarverkir, því miður hefur eftirliti verið ábótavant þrátt fyrir að aukid eftirlit og aðhald hafi verið undirstrikað í lagasetningu á fiskeldislögum 2019. Fiskeldið er að skila milljörðum í þjóðarbúið og því er það góð brýning hjá ríkisendurskoðun að stjórnvöld tryggja eftirlitsstofnunum þær heimildir og aðstöðu sem þær þurfa til að sinna nauðsynlegu eftirliti.

Endurskoða þarf laga- og reglugerðarumhverfi sjókvældis
Undirrituð hefur ítrekað lagt fram þingsályktunartillögur sem snúa

á fiskeldi í þá átt að bæta laga- og reglugerðarumhverfi sjókvældis. Annars vegar tillögu um að endurskoða þurfi laga- og reglugerðarumhverfi sjókvældis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi. Endurskoðun sem felur í sér heildargreiningu á gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga af fiskeldi og tillögur að lagabreytingu sem skýra heimildir til töku gjalda til að standa undir nauðsynlegri þjónustu ríkis og sveitarfélaga af sjókvældi. Í skýrslu Ríkisendurskoðanda eru sterkar ábendingar um mikilvægi þess að þessi endurskoðun þurfi að fara fram.

Hins vegar hef ég einnig lagt fram tillögu um eignarhald í fiskeldi sem hefur það að markmiði að koma fram með tillögur um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum og takmarka eignarhald erlendra aðila á laxeldis-

leyfum líkt og gert er í sjávarútvegi.

Eignarhald laxeldisfyrirtækja á Íslandi hefur þróast þannig að mikil samþjöppun hefur átt sé stað, sem getur leitt til þess að fáein fyrirtæki verði allsráðandi. Hugsanlegt er að einn aðili eignist öll gild rekstrarleyfi og stýri þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi á sjó og landi. Við það skapast sú hætta að einn aðili stjórni stórum landsvæðum með þeim afleiðingum að samfélög, sveitarstjórnir og stjórnvöld eigi meira undir honum en góðu hófi gegnir. Í skýrslu ríkisendurskoðanda má finna áhyggjur af mikilli samþjöppun í fiskeldinu, þar kemur fram að þrjú ráðandi félög, 14 af 16 rekstrarleyfum sjókvældis, eru á hendi félaga undir yfirráðum þriggja norskra fyrirtækja.

Stjórnsýslan má ekki sofa á verðinum

Til þess að hægt sé að reka og stunda fiskeldi til framtíðar á sjálfbærum grunni þurfa kröfur er varða sjúkdóma og heilbrigðismál að vera skýrar og byggja á bestu mögulegri þekkingu. Tekjur af fiskeldinu eru okkur mikilvægar og nú sem aldrei fyrr, því er gríðarlega mikilvægt að eftirlit með greininni sé traust, ekki bara vegna umhverfisáhrifa heldur einnig fyrir vöxt greinarinnar og fyrir samfélagið.

Þörf er á að einfalda og samþætta eftirlitið líkt og gert er í Færeyjum þar sem ein stofnun fer með málafni fiskeldisins og samþættir bæði eftirlit með eldinu og einnig leyfisveitingum. ■



25%

Brookliyn borðstofuborð
220x98, stækkun 2x50 cm, reykt eik - hvítuð eik
Áður 199.000 **NÚ 149.000**

10-60%
afsláttur



25%

Sturn 3ja sæta
Áður 159.000 **NÚ 119.000**



20%

Obling 3ja sæta
Áður 129.000 **NÚ 103.000**



30%

Hill hvíldarstóll með tauáklæði
Áður 176.000 **NÚ 123.000**



40%

Adele
Áður 39.900
NÚ 23.900



25%

Sierra nokkrir litir
Áður 25.700
NÚ 19.200



35%

Kato svart
Áður 29.900
NÚ 19.400



20%

Alison snúnings
Áður 33.900
NÚ 27.000



25%

Ciro 3 litir
Áður 39.900
NÚ 29.900



50%

Nottingham sófaborð
Áður 116.000 **NÚ 58.000**

NYFORM

ALLT

KYNNINGARBLAÐ



Hornsteinn
60 ára afmælisýning
11/02 – 20/08 2023


**LISTASAFN
ÁRNESINGA**
Austurmörk 21 • 810 Hveragerði

FIMMTUDAGUR 9. febrúar 2023

Hornsteinn

60 ára afmælisýning
Listasafns Árnésinga

11/02 – 20/08 2023



Listamenn:

Arnar Herbertsson
Arngunnur Ýr Gylfadóttir
Ágúst F. Petersen
Ásgrímur Jónsson
Baltasar Samper
Björg Þorsteinsdóttir
Bragi Ásgeirsson
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Einar G. Baldvinsson
Einar Hákonarson
Eiríkur Smith
Elfar Guðni Þórðarson
Erró
Eyjólfur Eyfells
Finnur Jónsson
Gerður Helgadóttir
Guðjón Sigfússon
Guðlaug Hannesdóttir
Guðrún Tryggvadóttir
Gunnlaugur Blöndal
Gunnlaugur Scheving
Halldór Einarsson
Hans Christiansen
Hildur Hákonardóttir
Hörður Ágústsson
Höskuldur Björnsson
Ísleifur Konráðsson
Jóhann Briem
Jóhannes Kjarval
Jón Engilberts

Jón Jónsson
Jón Stefánsson
Jón Þorleifsson
Karl Kvaran
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Pétursson
Matthías Sigfússon
Myriam Bat-Yosef
Páll Guðmundsson frá
Húsafelli
Ragnheiður Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Ream
Rúri
Sara Björnsdóttir
Sigríð Valtíngar
Sigríður Björnsdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Sigrún Sigurðsson
Sigrún Ólafsson
Sírri Sigrún Sigurðardóttir
Snorri Arinbjarnar
Valtýr Pétursson
Veturliði Gunnarsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorvaldur Skúlason
Þórdís Erla Zoëga



Kristín Scheving hefur unnið að undirbúningi afmælisýningarinnar frá árinu 2020.

MYND/ADSEND

Vildi að sveitir landsins ættu listasöfn

Listasafn Árnésinga var stofnað fyrir tilstilli Bjarnveigar Bjarnadóttur og sona hennar, sem gáfu sveitungum sínum safn listaverka árið 1963. Listasafnið verður 60 ára í ár og því verður afmælisýningin Hornsteinn opnuð á laugardaginn.

Listasafn Árnésinga var fyrsta listasafnið á Íslandi sem tók til starfa utan höfuðborgarinnar. Safnið geymir um það bil 550 verk sem því hafa verið gefin í gegnum árin, en upphafið má rekja til frumkvöðulsins Bjarnveigar Bjarnadóttur.

„Bjarnveig var Árnésingur og ötull listaverkasafnari. Árið 1963 ákvað hún að gefa sveitungum

sínum safn sitt. Það má segja að Bjarnveig ásamt sonum hennar Lofti og Bjarna Markúsi hafi lagt hornsteininn að listasafninu með þessari rausnarlegu gjöf árið 1963. Gjöfin samanstóð af 41 listaverki og héldu mæðginin áfram að gefa safninu verk fram til ársins 1986, þá taldi safnið 75 listaverk,“ segir safnstjórinn Kristín Scheving.

„Bjarnveig var frænka Ásgríms

Jónssonar þannig að hún var með listina í blóðinu. Henni fannst mikilvægt að sveitir landsins ættu sín listasöfn og talaði um það í viðtölum. Meðal verkanna sem hún gaf má finna verk merkustu meistara íslenskrar málalistar á fyrri helmingi tuttugustu aldar. Þeirra á meðal 19 málverk eftir Ásgrím Jónsson og verk eftir Kjarval, Gunnlaug Scheving, Jón

Stefánsson og Þorvald Skúlason meðal annarra,“ heldur Kristín áfram.

„Smekkur Bjarnveigar er eftirtektarverður sem og skynbragð hennar á nýja strauma eins og birtist í síðari gjöfum hennar. Hún lagði sig eftir verkum abstraktlistamanna, eftir Hörð Ágústsson og Kjartan Guðjónsson, en lagði líka mikið upp úr að gefa verk eftir >>

**LISTASAFN
ÁRNESINGA**

Austurmörk 21 • 810 Hveragerði
Sími 483 1727
www.listasafnarnesinga.is

» íslenskar konur, má hér helst nefna Björgu Þorsteinsdóttur, Þorbjörgu Höskuldsdóttur og Ragnheiði Jónsdóttur.“

Gaf málverkin með heilum hug Kristín segir að Bjarnveig, sem var fædd árið 1905, hafi verið ættuð af Suðurlandi, móðir hennar var frá bænum Skipum nálægt Stokkseyri og faðir hennar var Skaftfellingur. Móðir hennar og Ásgrímur Jónsson voru systrabörn og hún var þar að auki skyld Einari Jónssyni myndhöggvara í móðurætt.

„Heimili hennar var þakið listaverkum að því marki sem veggjarými leyfði og var það ekki algengt á þeim árum að einstæðar mæður verðu öllu sparifé sínu í listaverk,“ segir Kristín.

„Í ræðu sem hún hélt við Lista- og byggðasafn Árnessýslu árið 1974 sagði hún að málverkin væru gefin af heilum hug og með ósk um að gjöfin verði til menningarauka fyrir sýsluna og lyftistöng fyrir komandi kynslóðir.“

Hvernig verður safn til

Kristín tók við starfi safnstjóra fyrir þremur árum og segist strax hafa byrjað að undirbúa afmælisýninguna.

„Ég réð til starfa listfræðinginn Zsóka Leposa sem hefur frá sumrinu 2020 verið að taka fram öll verk úr safneigninni, rannsaka þau og skoða hvað þarf að laga, við erum einnig báðar sýningarstjórar sýningarinnar,“ segir Kristín.

„Við stefnum að því að nýta afmælisárið til að lagfæra ramma og verk þar sem þarf. Við ætlum að rannsaka og taka nýjar ljósmyndir af verkunum og gefa út sýningar-skrá með úrvali verka úr safneigninni.“

Eins og áður segir telur safneignin núna um það bil 550 verk en á afmælisýningunni geta gestir séð 123 þeirra eftir 58 listamenn.

„Við þurfum að velja úr hvað við vildum sýna á þessari sýningu því við getum því miður ekki sýnt þau öll. Verkin sem safnið á höfum við flestöll fengið gefins. Við erum því miður ekki með fjármagn til að kaupa verk, en það verður vonandi í framtíðinni. Við erum því mjög þakklát fyrir þessari gjafir,“ segir Kristín.

„Á afmælisýningunni beinum við sjónum að því hvernig safn verður til. Kastljósinu verður aðallega beint að tveimur frumkvöðlum. Bjarnveigu og Halldóri Einarssyni. Okkur langar að fólk sjái hvað svona einstaklingsframtak eins og safn Bjarnveigar og Halldórs, getur haft ótrúleg áhrif. En að auki verða sýnd ný verk sem safninu hafa verið gefin undanfarin ár.“

Tvö hundruð tréverk og stytur

Halldór Einarsson var fæddur árið 1893 á bænum Brandhúsum í Gaulverjabæjarhreppi. 29 ára gamall hélt hann vestur um haf og bjó í Bandaríkjunum í 43 ár. Hann ánafnaði Listasafni Árnesinga öll verk sín þegar hann kom aftur heim árið 1965 ásamt tíu þúsund Bandaríkjadöllum. Þetta eru tvö hundruð verk úr tré og litlar stytur, ýmist úr marmara eða beini. Verkin eru stór hluti safnsins, eða um þriðjungur þess.

Mikið af sterkum verkum

„Það eru fjórir salir á safninu og við munum taka þá alla undir sýninguna að þessu sinni. Oftast erum við með margar sýningar í einu sem standa þá styttra yfir. En af því við eigum svo mörg verk sem ekki hafa verið sýnd lengi langaði okkur að taka þau fram. Það verður skemmtilegt fyrir fólk að upplifa sýninguna, þetta er svo



Þessi verk eftir Valtý Péturs-son og Þorvald Skúlason prýða veggja-safnsins.


FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Hreyfingar 2005-2015. Videóverk, innsetning eftir Sirru Sigrúnu Sigurðardóttir verður á afmælisýningunni.



Í sal eitt á Listasafni Árnesinga má finna verk eftir marga af ástsælustu myndlistarmönnum þjóðarinnar.



Á ljósmyndinni er Bjarnveig með eiginmanni sínum Snorra Sigfússyni, birt með leyfi frá Þjóðminjasafni Íslands.



Listasafn Árnesinga í Hveragerði.



Bjarnveig gaf Árnesingum safn sitt. Birt með leyfi Þjóðminjasafnsins

„Heimili hennar var þakið listaverkum að því marki sem veggjarými leyfði og var það ekki algengt á þeim árum að einstæðar mæður verðu öllu sparifé sínu í listaverk.“

í gangi, listamenn koma að utan og verða með smiðjur með okkur og ýmis verkefni verða í gangi sem tengjast afmælisýningunni. Einnig er skólunum boðið í heimsókn á safnið. Ég hvet fólk til að fylgjast með okkur á samfélagsmiðlum eða kíkja á vefsíðuna okkar til að fá nánari upplýsingar.“

Ásgrímsleiðin

„Við erum einnig í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga á Eyrarbakka og Listasafn Íslands, Ásgrímssafn. Við ætlum að leggja sérstaka áherslu á Ásgrím Jónsson á árinu. Hann var Árnesingur og fæddur í Suðurlandi í Rútsstaðahverfi í Flóa. Við ætlum að búa til Ásgrímsleið sem liggur frá fæðingarstað hans og svo í Húsið á Eyrarbakka þar sem hann dvaldi sem unglingur og svo hingað í Ásgrímssalinn okkar og endar svo ferðalagið í Ásgrímssafni í Reykjavík, en þess má einnig geta að það var Bjarnveig Bjarnadóttir sem var fyrsti forstöðumaður Ásgrímssafns.“

Að lokum nefnir Kristín að safnið hafi nýlega fengið styrk frá ON og Landsbankanum fyrir lagfæringu á lóð safnsins.

„Við erum að fara að vinna með verkefnastjóranum Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur og skoða hvað við getum gert til að gera lóðina okkar áhugaverðari. Lóðin er ágætlega stór en hluti af henni er bara gras og runnar. Okkar langar að gera meira úr henni, bæta við skúlptúrum og jafnvel koma upp stöðum þar sem gestir og gangandi geta náð sér í ber eða salat. Hveragerði er þekkt fyrir að vera grænn bær svo það er gaman að tvínnu saman list og ræktun.“

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra opnar sýninguna Hornstein formlega klukkan 15.00 laugardaginn 11. febrúar. Sýningin mun standa yfir til 20. ágúst. Það er alltaf frítt inn á safnið. ■



Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra. Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic Undirkjöll
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic Undirkjöll
með breiðum hlýra
Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic - Stockholm,
síð skyrta. Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu. Stærðir 36-54
Verð kr. 12.980

Sandgaard Basic Síður hlýrabolur
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 36-54
Verð kr. 4.980

yesta yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE
Nordic

QUE



Sandgaard Basic - New York
stuttur aðhalds hlýrabolur
Fæst í Svörtu og húðlituðu
Stærðir 38-56. Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic Hneppt golla
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic - Helsinki
síð golla, fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð kr. 13.980

Sandgaard Basic hálf síðar leggings
Fæst í Army grænu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Sandgaard Basic stretchbuxur
Fæst í Svörtu og navybláu
Stærðir 38-54
Verð kr. 7.980

SUNDAY
by Gadske

FRANSEN

festival
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

LASSESSOR



Sandgaard Basic - New York
aðhaldsleggings. Fæst í svörtu og gráu
Stærðir 38-56
Verð kr. 6.980

Sandgaard Basic - Pleðurbuxur
Fæst í svörtu og gráu
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic
Útviðar buxur Fæst í svörtu
Stærðir 38-54
Verð kr. 9.980

Sandgaard Basic Stuttermabolur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54. Verð kr. 3.980

Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Verzlunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Rísandi stjarna í fótsporunum mömmu sinnar

Augu tískuheimsins beinast nú að bresku fyrirsætunni Lilu Moss. Hún fylgir í fótspor móður sinnar, ofurfyrirsætunnar Kate Moss, og er talin fremst í hópi næstu kynslóðar ofurfyrirsæta.

thordisg@frettabladid.is

Lila Grace Moss Hack er einkabarn foreldra sinna, fædd 29. september 2002 og stendur á tvítugu síðan í haust. Faðir hennar er Jefferson Hack, einn af stofnendum Dazed Media, sem gefur meðal annars út tímaritið Dazed. Jefferson og Kate Moss hættu saman skömmu eftir fæðingu dóttur sinnar en hafa sinnt uppeldinu í sameiningu og mesta bróðerni.

Kate var 28 ára þegar Lila fæddist. Hún skilgreindi sig sem vinnualka sem setti þó hagsmuni Lilu alltaf í forgang og kom henni barnungri í háttinn á hverju kvöldi. Þegar Lila var sex ára var haft eftir Kate:

„Háttatími er besti tími dagsins. Ég kyssi Lilu góða nótt og hún er svo dásamleg. Ég reyni að vera sem mest með henni. Verst þykir mér að fara frá henni og hún spyr: „Af hverju þarftu að fara?“ Það er henni erfitt að ég sé á ferð og flugi og því er ég aldrei lengur í burtu en tvo daga í einu.“

Kate sagði líka í viðtali við tímaritið Now að hún vildi halda Lilu utan við sviðsljósið og að hún óskaði þess eins að Lilja væri hamingjusöm stelpa sem fengi venjulegt uppeldi fjarri fræð og frama. Æskuvinkonur Lilu eru enn hennar bestu: Iris Law, dóttir Sadie Frost og leikarans Jude Law, og Stella Jones, dóttir Miröndu Davis og Mick Jones í The Clash.

Mæðgur hjá Calvin Klein

Í viðtali við breska Vogue í fyrra sagði Lila að móðir hennar hefði hvatt hana frá unga aldri til að sækjast ekki í módelbransann. Að hún mælti ekki með honum en stæði ekki heldur í vegi hennar ef hún vildi reyna fyrir sér sem fyrirsæta. Kate hefur því tekið fyrirsætustörf dóttur sinnar á sátt og er hennar mesti stuðningsmaður og aðdáandi.

Fyrirsætuféll Lilu hófst árið 2018 þegar hún var valin andlit Marc Jacobs Beauty í gegnum umboðsskrifstofu móður sinnar, Kate Moss Agency. Þær mæðgur gengu tiskupallana



Mæðgurnar Lila og Kate Moss á rauða dregli Met Gala 2022 FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Lila sýnir haust- og vetrartiskuna 2022-2023 fyrir Versace í Milanó.

Lila á tiskupöllunum fyrir vor- og sumar-tiskuna frá Versace.



Lila hefur prýtt forsíður Vogue víða um heim, hér má sjá það japanska, ítalska og breska, og forsíðu tímaritsins Dazed sem faðir hennar stofnaði.

saman fyrir Fendi árið 2021 og leyndi sér þá ekki hversu líkar þær eru. Þrjátíu árum eftir að Kate Moss hreif heiminn í auglýsingu fyrir Calvin Klein árið 1992 tók svo Lilja þátt í auglýsingaherferð tiskurisans haustið 2022. Lila hefur einnig sýnt á tiskusýningum Miu Miu, Fendi, Versace, Ermanno Scervino, Richard Quinn og fleiri, og prýtt forsíður Vogue um víða veröld, svo sem á Ítalíu, Hong Kong og Japan.

Málsvari sykursjúkra

Lila er með sykursýki 1 og ófeimin við að sýna blóðsykursmælinn við hin ýmsu tækifæri.

„Ég held að fæstir hafi hugmynd um að ég sé með sykursýki. Það sést heldur ekki utan á manni, svo í raun getur enginn séð það með því einu að horfa á mann,“ sagði Lila í viðtali við The Kit.

Sykursýki 1 krefst insúlíninn-gjafar til að halda blóðsykrinum í jafnvægi og þegar Lila tók þátt í tiskusýningu Fendace (Fendi og Versace) í Milanó 2021 sýndi hún

með stolti insúlínpumpu sem var fest á læri hennar og blasti við þeim sem á horfðu. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og aðdáendur þökkðu fyrir hvatningu til sykursjúkra um allan heim.

Lila sýndi líka pumpuna og blóðsykursmælinn á Met Gala 2022 og í auglýsingu Versace by Fendi sást mælirinn á handlegg hennar.

Með puttana á tiskupúlsinum

Lila Moss var í fyrra tilnefnd sem fyrirsæta ársins á British Fashion Awards en Bella Hadid bar sigur úr býtum. Nýverið sat hún fyrir á dagatali ítalska dekkjaframleiðandans Pirelli, þar sem fyrirsætur voru valdar út frá hæfileikum og séreinkennum. Hlutverk Lilu var „Sjáandinn“ en fylgir ekki sögunni hvort hún sé gædd skyggngíafu.

Þær mæðgur kenna hvor annarri sitthvað um tísku og trend. Þannig sýnir Lila mömmu sinni nýjustu förðunartrixin á meðan Kate geymir flottust flikurnar sínar fyrir Lilu sem er þegar farin að gera sér ferðir í fataskáp Kate Moss. ■

Öflugur & náttúrulegur flensubani



Inniheldur hreint engifer & c-vítamín

Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS
C-vítamín & engifer
Náttúrulegur flensubani
C-500 mg.
60 HYLKI/FAEDUBÓTAREFNI

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Í baráttu vegna tvíkynhneigðar

elin@frettabladid.is

Alessandra Watle Mele bar sigur úr býtum á lokakeppni Söngvakeppni norska sjónvarpsins á laugardaginn. Lagið hennar Queen of Kings fékk langflest atkvæði jafnt frá erlendu dómnefndinni og áhorfendum.

Alessandra sem er hálf-norsk og hálf-ítalsk, fædd 5. september 2002, hefur einungis búið í Noregi í tvö ár. Hún keppti í The Voice í Noregi í fyrra og komst í úrslit í þeirri keppni. Lagið Queen of Kings vakti strax mikla hrifningu gagnrýnenda og því er spáð góðu gengi í Eurovision í Liverpool í maí. Lagið er mikið spilað á Spotify og er komið í annað sæti yfir vinsælustu lögin. Lagið fjallar um drottningu sem hefur átt erfiða tíma en þraukað í gegnum þá. Textinn er sagður vera úr hennar eigin reynsluheimi



Alessandra Mele verður fulltrúi Noregs í Eurovision í Liverpool í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

því Alessandra hefur vitað frá því hún var unglingur að hún er tvíkynhneigð. Hún ólst upp í Cisano sul Neva, litlum bæ á Norður-Ítalíu þar sem frjálsar ástir eru ekki samþykktar. „Það eru staðir á Ítalíu sem eru opnir og fólk umburðarlynt en svo er ekki í litlum bæjum þar sem er mikið um neikvæð viðhorf og

gagnrýni,“ segir hún. „Ég hef reynt að berjast fyrir því að vera ég sjálf,“ bætir hún við.

Faðir hennar og vinir á Ítalíu vita ekki um kenndir hennar sem var ein aðalástæðan fyrir því að hún flutti til Noregs. Hún segist eiga fjölskyldu þar sem styður hana að fullu. ■

ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

ÚTSÖLUBOMBUR

50%
AFSLÁTTUR

Osprey Kyte og Kestrel

36L/38L

Verð nú 16.995,-

~~Verð áður 33.990,-~~

46L/48L

Verð nú 17.995,-

~~Verð áður 35.990,-~~



sherpa

Kalpna leggings

okkar allra vinsælustu frá upphafi!

Verð nú: 6.495,-

~~Verð áður: 12.990,-~~



30-50%
AFSLÁTTUR



icebreaker
Move to natural

PeakPerformance

30-50%
AFSLÁTTUR



GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18

Hlýleg tískuspá fyrir haustið

Þúsaldartískan heldur áfram að vera áberandi í tískuheiminum og verður áfram áberandi í haust og næsta vetur ef marka má tískupallana í París upp á síðkastið.

jme@frettabladid.is

Við Íslendingar erum líklega heimsmeistarar í því að klæða af okkur veðrið enda ósjaldan sem naprir vindar blása, regnið bleytir og frostið nistir inn að beini hér á þessu skeri úti í miðju ballarhafi. Við munum nú þurfa að klæða af okkur kuldann allt fram í apríl, jafnvel maí, og því megum við vel horfa fram í tiskutímamann og fá smá innblástur frá tískuspánni úr tiskutímamannaritinu Vogue fyrir haustið og veturinn 2023 og 2024.

Glans og glamúr

Klassískar flikur eins og langerma prjónakjólur, rúllukragabólur og langermabólur verða áberandi í haust og vetur, en með smá tvísti fyrir okkar innri krákur. Glimmerið fær hér að skína í finlegum palliettum og glimmerþráðum í einföldum og klassískum sniðum.

Gervipelsarnir fá enn og aftur að skína í haust og því stærri og meiri um sig, því betra!

Því stærri, því betri

Peysurnar koma sterkar inn í haust og því stærri og sérstakari, því betra. Ekki hika við að tjá þig með stórra, litríkra peysu

með fallegum hnöppum, loðkraga, slaufum eða öðru skemmtilegu glingri.

Pufferjakinn hefur verið vinsæll í vetur en vetrarúlpán næsta haust verður einfaldari og minna útblásin útgáfa, en alveg jafn sportleg og smart.

Maxipils og angóraullarflikur

Eftir einstaklega óþægilegt mínipilsasumar og -haust fær pilsfaldurinn loks að síkka niður fyrir hné og að ökkulum. Pilsin falla vel að líkamanum án þess að vera þröng og úr dýrindis efnum eins og gallaefni, ull og sléttu eða rífluðu flaueli.


Angóraáferðin verður líka áberandi í haust ýmist í peysunum eða jafnvel í heilu peysu- og pilsasettunum.

Innbyggðir treflar og vasar

Á tískupöllum á byrjun árs hafa treflar verið áberandi, en ekki beint sem sérstök flik, heldur frekar sem áfastur búnaður á jökkum, peysum og jafnvel kjólum.

Cargó-buxur með stórum vösum hafa verið vinsælar upp á síðkastið og fá að halda áfram innreið sinni á tískupallana. Í haust munu þær vera vinsælar í gallabuxnaefni, ljósu og þvegnu eða dökkum. ■

Pufferjakkarnir verða áfram vinsælir og pilsin munu síkka. Patou er hér með puttann á púlsinum með vetrarlínuna fyrir 2023–2024.



Þessi djúsi peysa með áföstum trefli birtist á tískuvíkunni í París í lok janúar frá Taakk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY




Gervipelsarnir koma sterkir inn í haust eins og sést hér á tískusýningu Lazoschmidl í París í janúar síðastliðnum fyrir haustið og veturinn.



Léttari lund, alla daga

MAG-YOUR-MIND®

vinnur gegn streitu og skerpis hugsun



300 mg
Magnesíum bisglýsínat



5 mg
B6 vítamín



200 mcg
B9 vítamín (fólínsýra)



100 mg
Burnirót



75 mg
Schisandra



KAVITA

GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á goodroutine.is

Golftískan sífellt að breytast

gummih@frettabladid.is

Á dögunum var haldin sýning á golffatnaði hjá PGA, Samtökum atvinnukylfinga, í Bandaríkjunum þar sem kynntar voru nýjar fatalínur fyrir árið 2023. Fatnaður í golfi hefur tekið hröðum breytingum og nú kjósa æ fleiri að klæðast þægilegum flikum þegar þeir munda kylfurnar og spóka sig um á golfvelli. Atvinnukylfingar eru farnir að sjást meira í hettupeysum, háum skóm, bómullar-pólbólum og joggingbuxum svo eitthvað sé nefnt.

Golfbúðir eru lífsstílsbúðir

„Golfbúðir eru að verða lífsstílsbúðir og það mun algjörlega halda áfram á þessu ári,“ segir Bailey Chamblee, golftísku- og lífsstílsblaðamaður, á vef PGA en hún var ein þeirra sem héldu utan um sýninguna sem haldin er árlega.

„Fólk vill klæðast fötum sem því líður vel í og þessi afslappaði golffatnaður sem við sjáum gefur fleirum tækifæri á að klæðast honum og hann er kominn

til að vera,“ segir Chamblee og bætir við: „Það er mikilvægt að kylfingar skilji að þessi nýi fatastíll ber ekki vott um vanvirðingu við íþróttina.“ ■



Þetta unga fólk var í þægilegum golffatnaði á sýningu PGA í Bandaríkjunum.
MYND/PGA

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj.
Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Bilstjóri óskast á sendibíl, meirapróf
ekki nauðsynlegt, íslenskukunnátta,
hreint sakavottorð. Uppl. s: 8999288

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 4. desember 2022 var samþykkt að vísa til auglýsingar samkvæmt 31. gr. og 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirfarandi tillögum:

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016–2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og vegna Flóttamannavegar.

Aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar og skilgreiningu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum til samræmis við deiliskipulagstillögur og friðlýsingartillögu sem auglýstar eru samhliða.

Markmið tillögunnar er að laga stígakerfið að eftirfarandi tillögum: að deiliskipulagi Fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni, að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samstarfi við Umhverfisstofnun, að deiliskipulagi fyrirhugaðs fólkvangs og golfvallar í Urriðavatnsdölum. Einnig að laga stígakerfið að þeim breytingum sem hafa orðið vegna uppbyggingar í Garðabæ austan Reykjanesbrautar. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggist af en nýr reiðstígur komi úr Grunnvatnsskarði um Ljósollulág og niður Vífilsstaðahlíð sem tengist reiðstíg í Urriðakotshrauni.

Gert er ráð fyrir breyttri legu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilsstöðum og verður hann skilgreindur sem tengibraut á þessum kafla.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum (Golfvöllur og fólkvangur).

Tillagan gerir ráð fyrir kerfi útivistarstíga og reiðstíga innan fólkvangs í Urriðakotshrauni og á golfvallarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Gert er ráð fyrir stækkun golfvallarins Urriðavallar og nýjum útivistarstíg. Hluti golfvallar verður innan fyrirhugaðs fólkvangs í Urriðakotshrauni.

Markmið deiliskipulagsins er að í Urriðavatnsdölum og í Urriðakotshrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki.

Samhliða auglýsir Umhverfisstofnun tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangur og hefur leiðarljós í deiliskipulagsvinnunni verið að stuðla að vernd hraunsins og náttúrlegs gróðurfars á svæðinu og skapa góðar aðstæður til útivistar gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda með vonduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi í upplandi Garðabæjar.

Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.

Tillagan gerir ráð fyrir stíga- og umferðarkerfi fyrir innan fólkvangsins í Vífilsstaðahrauni og Mariúhellum.

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar. Skilgreint er fyrirkomulag göngu- og hjólastíga, fræðslu- og áningarstaða.

Veglína Flóttamannavegar, sem liggur milli fólkvanganna í Vífilsstaðahrauni og Mariúhellum er endurskoðuð til að bæta öryggi á veginum og til samræmis við breytta skilgreiningu hans í aðalskipulagi sem auglýst er samhliða. Stígur milli Urriðaholts og Vífilsstaða meðfram Reykjanesbraut er skilgreindur sem stofnstígur ætlaður umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.

Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum reiðstíg frá Grunnvatnsskarði um Ljósollulág og niður Vífilsstaðahlíð að reiðstíg í Urriðakotshrauni. Mörk deiliskipulagsins að vestanverðu breytast og eru samræmd mörkum að tillögu deiliskipulags útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum og tillögu að mörkum friðlýsingar sem er auglýst samhliða. Mörk deiliskipulagsins eru einnig samræmd mörkum að friðlandi Búrfells og Búrfellsgjár.

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir Skógræktarfélag Garðabæjar við Sandahlíð m.a. með byggingarreit fyrir skála, bílastæðum og aðstöðu fyrir aðra starfsemi félagsins.

Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Tillagan gerir ráð fyrir því að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi leggist af.

Ofangreindar tillögur eru auglýstar samhliða auglýsingu Umhverfisstofnunar á tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangur sbr. 52. gr. og 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Frestur til að skila inn athugasemdum við tillögunnar er samræmdur við athugasemdafrest vegna tillögu að friðlýsingu og er hann því 3 mánuðir frá birtingu þessarar auglýsingar.

Tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar

www.ust.is/nattura/friðlysingar.

Tillögunnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og í þjónustuveri. Þeir sem telja sig eiga hagsmuni að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir til og með 11. maí 2023, annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.



intellecta.is

RÁÐNINGAR

RÍKISKAUP
ABILLIAD
RAMMASAMTINGI

intellecta

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita að þér?





Umhverfismat framkvæmda Matsáætlun í kynningu

Grímsstaðir II, vindorkugarður í Skaftárhreppi

Qair Iceland hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats vindorkugarðs að Grímsstöðum 2 í Meðallandi, Skaftárhreppi.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is og liggur einnig frammi á skrifstofu Skaftárhrepps að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **10. mars 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

1. Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalódir við Miðtún; Deiliskipulag – 2210039

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulódir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksíðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

2. Hraunkot; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2205021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu er varðar deiliskipulag frístundasvæðis í Hraunkoti eftir kynningu. Málið var kynnt sem breyting á deiliskipulagi. Eftir kynningu var tekin ákvörðun um að leggja fram tillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Innan nýs deiliskipulags er m.a. gert ráð fyrir fjölgun lóða auk þess sem heimildir er varðar stærðir aðal húss, geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði innan nýs deiliskipulags.

3. Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Skilmálabreyting byggingarheimilda; Deiliskipulagsbreyting - 2301054

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi er varðar Kerhraun svæði A, B og C. Í breytingunni felst að stærð aukahúsa innan lóða verði gefin frjálst innan skilgreinds hámarksnýtingarhlutfalls lóða.

4. Hrauntröð 10 L225329; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2301040

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi er varðar deiliskipulag frístundabyggðar í Vaðnesi. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar aukahús á lóð væru felldir út úr skipulagi í takt við heimildir aðalskipulags sveitarfélagsins.

5. Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Breyting úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl 2020 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Vaðstígs 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912. Í breytingunni felst að lóðirnar breytast úr frístundabyggð í íbúðabyggð. Stærðir lóðanna eru óbreyttar en lega þeirra sem og byggingareitir breytast vegna nákvæmari mælinga. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsin geti vera allt að 350 m² og auk þess verði heimilt að reisa allt að 60 m² aukahús á lóð.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar.

6. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Íbúðarsvæði; Arnarstaðakot-Skálholt-Glóra; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. Nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is. Mál innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. febrúar 2023 með athugasemdafrest til og með 24. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is

HAGVANGUR

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætavíðgerðir-, mótörhóla og snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott
cbd.is



viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Ferðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Verndum mófuglana



Jón Gunnar Ottósson
fyrrverandi for-
stjóri Náttúru-
fræðistofnunar
Íslands

Mófuglarnir okkar, sérstaklega heiðlóan og spóinn, eiga hug og hjörtu okkar Íslendinga. Sama er að segja um aðrar ábyrgðartegundir okkar eins og lóupræl, stolk og jaðrakan, en yfir 20% af Evrópustofni þessara tegunda eiga sér varplönd á Íslandi. Þessir vinir okkar hafa flestir verið friðaðir í marga áratugi, allir friðaðir frá 1914 nema spóinn sem var loksins friðaður 1954 þegar ný lög voru sett með vísun í Parísarsamkomulagið svokallaða um fuglavernd. Eini mófuglinn sem leyft hefur verið að veiða tímabundið á hverju ári er rjúpan. Á síðustu öld var hún þó stundum alfríðuð þegar stofninn var í lágmarki. Enginn ágreiningur hefur verið um friðun mófuglanna þótt deilt hafi verið um veiditíma á rjúpu, sérstaklega á síðari árum. Íslendingar vilja að við verndum þessa sambýlinga okkar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar okkar.



Nú ber svo við að íslensk stjórnvöld boða herferð gegn heimilum þessara vina okkar með loftslagsvána til réttlættingar.

Það skýtur því skökku við að við skulum ekki vernda heimili þessara fugla. Það dugir ekki að banna skotveiðar eða dráp einstaklinga með öðrum hætti ef við verndum ekki búsvæði þeirra eins og við höfum skuldbundið okkur til að gera með aðild að alþjóðlegum samningum. Nú ber svo við að íslensk stjórnvöld boða herferð gegn heimilum þessara vina okkar með loftslagsvána til réttlættingar. Það á að rústa mólendinu til að rækta skóga með framandi ágengum tegundum eins og stafafuru og sitkagreni sem gætu skilað „skógarafurðum“; nýrri, „auðlind“ auk þess að binda kolefni úr andrúmslofti. Það á sem sagt bæði að eiga kökuna og éta hana.

Vilja Íslendingar þessa boðuðu vegferð stjórnvalda eða vernda heimili mófuglana okkar og ásýnd landsins, sem mun breytast verulega með skógum stórvaxinna barrtrjáa? Ég held ekki. Við elskum mófuglana okkar og mólendin. Við viljum ekki að óprúttir aðilar selji heimkynni fuglana okkar til aðila sem vilja búa til kolefniseiningar með því að rústa mólendinu til að fegra aðra skítugri starfsemi sína. Það er umhugsunarvert að opinber stofnun, Skógræktin, skuli hafa forgöngu um að draga hingað erlenda aðila í þessum tilgangi. Siglt er undir fölskum flöggum með lofordum um kolefnisjöfnun og vottun kolefniseininga (sbr. upplýsingar á vefnum natturuvinir.is). Sé vilji til að halda löunni og spóanum hér megum við ekki láta skógræktaræðið, sem byggt er á mjög vafasömum forsendum, spilla heimilum þeirra.

En það er fleira en búsvæði fugla sem mun breytast við skógrækt með stórvöxnum framandi tegundum. Það þarf ekki að fara víða um landið til að sjá að ásýnd landsins mun gerbreystast. Þá er ljóst að skógrækt mun hafa gríðarleg áhrif á jarðfræðilega og líffræðilega fjölbreytni, ekki síst á þá fjölbreytni landslags sem Ísland er þekkt fyrir. Ekki má



gleyma að skógrækt getur einnig haft mikil áhrif á minjar og menningarlandslag.

Allt þetta sem hér hefur verið nefnt er að öllum líkindum undirstaða þess að ferðamenn hafa um langa hríð haft mikinn áhuga á landinu. Við skógrækt er því margt í húfi og eins og Sigurður H. Magnússon og Hans H. Hansen benda á í nýlegri grein sem birt hefur verið á vefnum natturuvinir.is þarf að fara fram með mikilli gát og nauðsynlegt að skipuleggja skógræktina vandlega ef ekki á illa að fara. Þar eiga ekki aðeins áhugamenn um skógrækt að ráða för heldur einnig og ekki síður þeir sem þekkingu og skilning hafa á þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir.

Sýnum skynsemi og höfum varúðarregluna að leiðarljósi. ■



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vesturgata 61

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. janúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits, vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir þ.e. Vesturgata 61 og Seljavegur 8. Á hvorri lóð er skilgreindur byggingarreitur og leyfilegt að byggja eitt íbúðarhús innan hvors reits. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Mosavegur hjúkrunarheimili

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. janúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, einingu H, vegna hjúkrunarheimilis við Mosaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð 9750 m² að stærð. Heimildum til uppbyggingar á svæðinu er breytt þannig að í stað íþróttahúss og sundlaugar verði heimilt að byggja 3-5 hæða hjúkrunarheimili með allt að 145 rýmum og tengdri þjónustu. Settir eru sérskilmálar fyrir uppbygginguna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. janúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreita, vegna lóðanna nr. 4, 4B, 6 og 6B við Spítalastíg. Í breytingunni sem lögð er til felst að kvöð um umferð á lóð Spítalastígs 4 að Spítalastíg 4B verður felld út og þess í stað verður sett kvöð á allar lóðir um umferð að Spítalastíg 4B í framhaldi af umferðarkvöð á lóð 6. Byggingamagn á Spítalastíg 4 eykst sem nemur flatarmáli undirganga. Byggingarreitur fyrir Spítalastíg 4B og 6B verður færður um 3m til vesturs. Lóðamörkum milli 4B og 6B verður jafnframt breytt þannig að þau skipta byggingarreit í tvo jafna helminga. Lóðastærðir breytast eins og kemur fram í skilmálatöflu og gert er ráð fyrir tveim bílastæðum við austurgafli Spítalastígs 6B. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **9. febrúar 2023 til og með 24. mars 2023**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 24. mars 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. febrúar 2023
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Samúel Samúelsson (lengst til hægri), formaður meistaraflokksráðs Vestra, fylgist með leik.

MYND/SIGURÐUR ELVAR ÞÓRÓLFSSON

Brýnt sem aldrei fyrr að aðstaðan verði bætt

Samúel Samúelsson, formaður meistaraflokksráðs Vestra á Ísafirði, segir brýnt að aðstaða félagsins til knattspyrnuíðkunar verði bætt hið snarasta. Hann fagnar því að bæjaryfirvöld stefni á framkvæmdir á svæðinu en segir mikilvægt að farið sé í þær af heilum hug.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Það er löngu orðið tíma-bært að fá bætt aðstöðu. Við erum búin að vera öll þessi ár með enga vetraraðstöðu en nú er staðan bara þannig að við getum alveg eins lagt niður fótboltaliðið ef við fáum ekki betri aðstöðu,“ segir Samúel.

Veðurfarið undanfarið hefur verið ansi slæmt til knattspyrnuíðkunar. Einn óupphitaður gervigrasvöllur er á svæði Vestra en lítið er hægt að nota hann til æfinga yfir veturinn.

„Við getum ekki ætlast til að allir séu í þessu af öllu hjarta, leikmenn, þjálfarar, stuðningsmenn og styrktaraðilar, þegar við getum ekkert æft. Þetta er eins og að vera með fullt af fiski en ekkert frystihús til að vinna hann í,“ segir Samúel.

Þetta hefur mikil áhrif á undirbúning liðsins fyrir hvert tímabil. Vestri keppir í Lengjudeild karla. Samúel segir hins vegar að menn reyni allt sem þeir geti til að hafa liðið tilbúið.

„Það segir sig sjálf að undirbúningurinn hjá Vestra yfir þessa mánuði er fótboltalega enginn. Menn geta hlaupið og lyft en fótboltalega er hann enginn. Það er gríðarlega slæmt. Það er aldrei neitt óraunhæft. Það er allt hægt. En þetta hjálpar okkur ekkert, að vera ekki með aðstöðu. Í mikilli hreinskilni sagt er það erfitt að vera með fótboltalið sem æfir helminginn af árinu og ætlast til að það keppi við lið sem æfa allt árið. Það skerðir möguleika okkar mikið.“

Myndi breyta öllu

Það stendur til hjá Ísafjarðarbæ að leggja gervigras á keppnisvöll Vestra.

„Það er jákvætt. En ég hef svo



Nú er staðan bara þannig að við getum alveg eins lagt niður fótboltaliðið ef við fáum ekki betri aðstöðu.

Samúel Samúelsson, formaður meistaraflokksráðs Vestra

sem ekki fengið það staðfest. Ef Ísafjarðarbær fer í þetta með hálfum hug, eins og þegar þau fóru í útboð þegar þau ætluðu að bjóða út knattspyrnuhús, þá gengur það ekki. Þau vildu fá knattspyrnuhús en vildu ekki borga fyrir það.“

Samúel leggur mikla áherslu á að nýtt gervigras verði með upphitunarkerfi undir, verði það lagt á annað borð.

„Við erum í engu betri stöðu ef við fáum gervigras sem er ekki upphitað. Þetta eru eðlilegar kröfur, að þetta sé eins og hjá öðrum, það sé

upphitað, vökvunarbúnaður í því og slíkt til að það sé hægt að sinna þessu almennilega.“

Gott gervigras yrði mikil búbot fyrir knattspyrnusamfélagið á Ísafirði. Meistaraflokkur gæti þá æft fyrir fyrir vestan og spilað þar leiki á undirbúningstímabilinu.

„Þetta myndi breyta öllu fyrir okkur. Við þurfum að sækja hverja einustu æfingu eða leik yfir vetrartímanna annað, með tilheyrandi kostnaði. Auðvitað myndi það spara okkur helling að fá Lengjubikarsleiki hingað heim, að geta æft hérna heima. Við gætum verið með hópinn okkar miklu fyrr héra. Þeir þyrftu ekkert að fara og gætu bara æft hér eftir tímabil. Við erum með mikið af erlendum leikmönnum. Þeir fara svo bara heim eftir tímabil og koma aftur að vori. Það er ekki boðlegt og ekki vænlegt til árangurs.“

Áður hefur verið greint frá því að Ísafjarðarbær stefni að því að leggja gervigras á aðalvöll Vestra fyrir keppnistímabil næsta árs, 2024.

„Við trúum og treystum á að það verði. Það eru 200 milljónir komnar á fjárhagsáætlun en við vitum að það er ekki nóg. Ef þú ætlar að gera þetta almennilega þarftu pottþétt 250 milljónir. Bærinn hefur hingað til getað bætt peningum í eitthvað sem þarf að kosta aðeins meira.

„Hann og strákarnir hans leggja sig samt alla fram við að undirbúa sig eins og þeir geta en það er takmarkað hvað er hægt að undirbúa sig við þessar aðstæður.“

Samúel skorar á Ísafjarðarbæ að ráðast í framkvæmdirnar að fullu.

„Það dugar ekki bara að setja gervigras á Olís-völlinn. Þau verða að skipta um gervigras á núverandi velli. Ef það færi bara gervigras á Olís-völlinn sinnir það aldrei öllu knattspyrnustarfi hjá Vestra. Við þurfum að skipta um gervigras á núverandi velli, þó svo að hann verði ekki upphitaður, og fá svo upphitun á keppnisvöllinn.“

Þó að gervigras verði lagt á næstunni bindur Samúel vonir við enn meiri framkvæmdir á knattspyrnusvæði Vestra einn daginn.

„Að sjálfsögðu vil ég í framtíðinni fá knattspyrnuhús því þetta er eini landshlutinn þar sem er ekkert slíkt.“

Vilji til staðar hjá bænum

Aðspurð segir Arna Lára Jónsdóttir, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmdirnar á nýju gervigrasi Vestra verður, hvort völlumurinn verði með hitakerfi undir eða ekki.

„Við erum ekki komin að niðurstöðu. Við erum að skoða hvaða leið er best. Við erum að skoða mismunandi gras og reyna að gera sem mest fyrir það fjármagn sem við höfum áætlað í verkefnið,“ segir Arna í samtali við Fréttablaðið.

Arna segir alla í bærarstjórn af vilja gerða til að bæta knattspyrnuaðstöðuna fyrir vestan. „Við erum í góðu samstarfi við knattspyrnuhreyfinguna og það er okkar sameiginlega markmið að gera þetta vel. Þetta snýst að sjálfsögðu um fjármagn.“

Hvað varðar enn frekari framkvæmdir á knattspyrnusvæði Vestra, líkt og byggingu knattshúss, segir Arna það þurfa að biða betri tíma.

„Við erum ekki að fara að gera það að sinni. Við höfum ekki fjárhagslega burði til þess. Þess vegna var ákveðið að fara þá leið að setja gervigras.“ ■

Davíð Smári Lamude (fyrir miðju) er þjálfari Vestra. Hann á stórt verk fyrir höndum í sumar. Þá etur liðið kappi í Lengjudeild karla.

MYND/ADSEND



Arna Lára Jónsdóttir, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar

Þau verða að átta sig á því að þau þurfa að klára þetta verkefni sómasamlega, ekki bara út frá einhverri ákveðinni upphæð.“

Engar fótboltaæfingar

Davíð Smári Lamude tók við þjálfun meistaraflokks karla hjá Vestra í haust. Samúel segir hann ekki hafa fengið tækifæri til að vinna með liðinu eins og hann myndi vilja vegna aðstöðuleysis.

„Hann vissi hver staðan væri og hvernig þetta yrði. Jafnframt fórum við líka yfir hvað stæði til að gera. Þrátt fyrir að Davíð sé grjótharður og til í allt þá held ég að þetta hafi komið honum aðeins á óvart því hann hefur ekki getað tekið neina fótboltaæfingu með liðið. Í þessi skipti sem er æft úti er bara æft í snjó og klaka. Þú ert ekki að drilla uppspilið eða slíkt.“

Samúel hrósar Davíð hins vegar fyrir framlag sitt til félagsins hingað til.

LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS **24.500 kr.***

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is

*Verð er án vsk.

Atvinnuappið einfaldar atvinnuleitina

FJÖLDI STARFA Í BOÐI

ATVINNUAPPIÐ – HH RÁÐGJÖF

MERKISATBURÐIR

1822 Haití ræðst inn í Dóminíska lýðveldið.

1895 William G. Morgan finnur upp leikinn Mintonette, sem verður síðar kallaður blak.



1942 Japanir gera loftárás á borgina Darwin í Ástralíu.

1959 Togarinn Júlí ferst við Nýfundnaland og með honum þrjátíu manna áhöfn.

1964 Bítlarnir koma í fyrsta skipti fram í The Ed Sullivan Show.

1975 Sojús 17 snýr aftur til jarðar með tvo geimfara sem sett höfðu met í dvöl í geimnum, 29 daga og 13 tíma.

1981 Breski leikarinn Tom Hiddleston fæddur.

1981 Forsætisráðherra Póllands, Józef Pińkowski, segir af sér. Herforinginn Wojciech Jaruzelski tekur við af honum.

1984 Bankarín er framið í útibúi Iðnaðarbankans í Breiðholti í Reykjavík. Maður með lambhúshettu rænir rúmlega 300 þúsund krónum. Hann hefur aldrei náðst.



1987 Fyrsti þáttur Spaugstofunnar sýndur á RÚV.

1991 Litáar velja sjálfstæði í Þjóðaratkvæðagreiðslu.

1996 Frumefnið kópernikín er búið til með samruna kjarna blýs og sinks.

2001 Bandarískur kafbátur sökkvör óvart japönsku fiskiskipi.

2005 Fjörutíu manns særast í sprengjuárás Frelsisamtaka Baska á ráðstefnuhöll í Madrid.



Elsku hjartans eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdababbi, afi og sonur,

Gunnar Óli Jónsson

andaðist 28. janúar 2023. Hann verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 10. febrúar klukkan 10.30.

Ólöf Guðmundsdóttir

Berglind Unnur Gunnarsdóttir

Guðmundur Þór Gunnarsson

Hera Fjölfnisdóttir

Alex, Emma, Maya, Viggo, Emil og Kria Unnur Ólafsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Daniel Hafliðason
vélstjóri,

lést 24. janúar á Sóltúni. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 13. febrúar kl. 13.

Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir góða umönnun og hlýhug.

Halldóra Kristín M.

Guðmundur R. Þórisson

Kristinsdóttir

Hafliði Brands Kristinsson

Natthanicha Catchama

Lárus Lárusson

Anna Jóna Óskarsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn



Vasaré tók við stöðu forvarðar Árnastofnunar árið 2017.

MYNDIR/SIGURÐUR ST. JÓNSSON

Flateyjarbók í sínu fínasta pússi

Löngu viðgerðarferli á Flateyjarbók er næstum lokið. Forvörður Árnastofnunar segist finna fyrir miklum heiðri og ábyrgð að annast jafnmikinn menningararf.

arnartomas@frettabladid.is

Flateyjarbók, einn helsti dýrgripur í handritasafni Árnastofnunar, hefur gengist undir langt viðgerðarferli á undanförunum áratugum. Verkefninu, sem hlotið hefur stuðning frá hollvinsamtökunum Vinir Árnastofnunar og ríkisstjórn Íslands, hefur miðað vel og nú er stutt í að handritið klæðist nýrri kápu.

Í tilefni þess að nú fer að sjá fyrir endann á þessu mikla forvörsluverkefni verður blásið til málþings á föstudag þar sem meðlimir úr teyminu og aðrir sérfræðingar munu taka til máls.


„Í stuttu máli hófst þetta ferli árið 1994 þegar Sigurgeir Steingrímsson tók eftir skemmdum á bindinu,“ segir Vasaré Rastónis, forvörður Árnastofnunar, sem annaðist viðgerð á handritinu. „Hann sá fljótt að þörf væri á aðstoð og leitaði til forvarðarins Christopher Clarkson heitins til að framkvæma ástandskönnun á handritinu og fá ráðleggingar um hvað þyrfti að gera.“

Þótt viðgerðarferlið hafi tæknilega séð staðið yfir síðan þá útskýrir Vasaré að ekki hafi verið unnið að því stöðugt síðan. Aðrar ástandskannanir voru gerðar á handritinu árið 2007 og svo aftur 2013.

Vasaré tók við stöðu forvarðar Árnastofnunar 2017 og hóf stuttu síðar að vinna að viðgerðarferlinu. Hún á erfitt með að koma í orð þeim tilfinningum sem fylgja því að vinna með menningararf á borð við Flateyjarbók. „Þetta er bæði mikill heiður og um leið mikil ábyrgð,“ segir hún.

Viðgerðarferlinu er nú næstum lokið en Vasaré segir að beðið sé eftir leðri til þess að hjúpa bókina sinni nýju kápu sem eru leðurklædd tréspjöld. Aðspurð um hverjar helstu áskoranirnar hafa verið á þessum tíma segir hún að vinnan hafi í raun gengið frábærlega.

„Ég veit að þetta hefur tekið mikinn tíma en hvað varðar ferlið sjálft þá hefur það í raun gengið mjög snurðulaust fyrir svona stóra bók með svo flókna sögu,“ segir hún en bendir þó á að það sé ekki auðvelt að velja réttan



Innkaup á efnum urðu erfiðari í covid.

Merkilegt handrit

Flateyjarbók er stærst íslenskra skinnbóka, alls 225 síður, og var að stærstum hluta skrifuð á árunum 1387 og 1394. Bókin er nefnd eftir Flatey á Breiðafirði þar sem Brynjólfur Sveinsson biskup fékk hana frá Jóni Finnssyni árið 1647. Flateyjarbók inniheldur mikinn fjölda sagna, flestar um norska konunga, á vel skrifuðum síðum með skreyttum upphafsstöfum.

Danakonungur fékk bókina að gjöf árið 1656 og varð það Íslendingum mikið kappsmál í seinni tíð að fá Flateyjarbók ásamt öðrum handritum heim til Íslands. Flateyjarbók og Konungsbók var að lokum skilað til Íslands við hátíðlega athöfn 21. apríl 1971. Þá afhenti Helge Larsen, menntamálaráðherra Dana, hana Gylfa P. Gíslasyni menntamálaráðherra með orðunum: „Vær sá god! Flatøbogen“.



„Ég veit að þetta hefur tekið mikinn tíma en hvað varðar ferlið sjálft þá hefur það í raun gengið mjög snurðulaust fyrir svona stóra bók með svo flókna sögu.“

efnivið í samræmi við sérstöðu handritsins. „Með fullri virðingu fyrir Bauhaus þá vildum við ekki fara þangað til að kaupa viðarplanka, við vorum að leita að sérstöku efni. Vegna Covid gat verið erfitt að geta ekki farið til annarra landa til að kaupa efni en á endanum tókst þetta allt saman frábærlega.“

Málþingið hefst klukkan 13.00 í Veröld - húsi Vigdísar á morgun þar sem Vasaré mun fjalla ítarlegar um viðgerðarferlið. Þá verða einnig flutt erindi um sögu handritsins, efnahagslegar forsendur fyrir gerð þess á sínum tíma og það efni sem til þyrfti, bókfell, blek, litarefni og annað. ■

Hér færðu Fréttablaðið á höfuðborgarsvæðinu



101

Sundhöllin
Olís Ánanaustum
Nettó Granda
N1 Hringbraut
Krambúðin Skólavörðustíg
BSÍ
Bónus Kjörgarði
Bónus Fiskislóð
Krónan Granda
Krónan Hallveigarstíg

102

Krambúðin Menntavegi
Háskóli Íslands
Reykjavíkurlflugvöllur

103

Kringlan
Bónus Kringlunni
Krónan Austurver

104

Glæsibær
Olís Sæbraut
Olís Álfheimum
N1 Klettagörðum
Iceland Glæsibæ
Húsasmiðjan Skútuvogi
Hagkaup Skeifunni
Bónus Skútuvogi
Bónus Holtagörðum
Krónan Borgartúni

105

World Class Laugum
Laugardalslaug
Nettó Nóatúni
Krambúðin Lönguhlíð
Krambúðin Laugalæk
Bónus Skipholti
N1 Borgartúni

107

N1 Ægissíðu
Melabúðin
Krambúðin Hjarðarhaga
Vesturbæjarlaug

108

Nettó Lágmúla
N1 Stóragerði
N1 Fossvogi
Krambúðin Grímsbæ
Múlakaffi
Bónus Skeifunni
Krónan Skeifunni

109

Olís Mjódd
Nettó Mjódd
N1 Skógarseli
Iceland Seljabraut
Krónan Breiðholti

110

Árbæjarlaug
Olís Norðlingaholti
N1 Ártúnshöfða
Múrbúðin Kletthálsi
Bónus Hraunbæ
Krónan Bildshöfða
Krónan Árbæ

111

Breiðholtslaug
Iceland Vesturbergi
Bónus Lóuhólum

112

World Class Egilshöll
Grafarvogslaug
Olís Gullinbrú
N1 Gagnvegi
Bónus Spönginni

113

Krónan Grafarholti

116

Klébergslaug

170

World Class Seltjarnarnesi
Sundlaugin Seltjarnarnesi
Hagkaup Eiðistorgi

200

Sundlaug Kópavogs
N1 Stórahjalla
Iceland Engihjalla
Bónus Nýbýlavegi
Bókasafn Kópavogs

201

Salalaug
Smáralind
Hagkaup Smáralind
Nettó Salavegi
Bónus Smáratorgi
Elko Lindum
Krónan Lindum

203

World Class Ögurhvarfi
Nettó Búðarkór
Bónus Ögurhvarfi
Krónan Vallakór

210

Ásgarðslaug
Olís Hafnarfjarðarvegi
Hagkaup Litlatúni
Costco
Bónus Kaupþúni
Bónus Garðatorgi
Krónan Garðabæ

220

Ásvallalaug
Sundhöll Hafnarfjarðar
Suðurbæjarlaug
Nettó Dalshrauni
N1 Lækjargötu
Húsasmiðjan Fjarðargötu
Fjörðurinn
Fjarðarkaup
Bónus Helluhrauni
Krónan Hvaleyrarbraut

221

Nettó Selhelli
Múrbúðin Selhelli
Iceland Staðarbergi
Bónus Tjarnarvöllum
Krónan Norðurhelli

225

Álftaneslaug

270

Varmárlaug
Lágafellslaug
Olís Langatanga
Nettó Sunnukrika
N1 Háholti
Bónus Bjarkarholti
Krónan Mosfellsbæ

*Sífelld fleiri staðir bætast við.
Fylgist vel með.



Opnaðu myndavélina
í snjalltækinu þínu og
skannaðu QR kóðann.

Nánari upplýsingar finnur þú á www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

Friitt

SJÓNVA PSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá
- 19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.30 Suðurnesja-magasin Víkurfréttir Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20.00 Frísk eftir fimmtugt Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar.
- 20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 Mannamál (e)

RÚV SJÓNVARP

- 10.20 HM í alpagreinum
- 11.15 Njósnið, lygar og fjölskyldubönd
- 12.25 Öðruvísi magaverkir
- 12.55 Lífsbarátta í náttúrunni. Í hnotskurn
- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Útsvar 2016-2017
- 15.30 Óperuminning
- 15.35 Vika 6
- 15.40 Ungverjaland - Ísland
- 18.15 Lögín í Söngvakeppninni - brot
- 18.20 KrakkaRÚV
- 18.21 Ofurhetjuskólinn
- 18.36 Bolli og Bjalla Álfarnir Bolli og Bjalla lenda í óhappi með simann hans Bjarma og framtíð íslensku barna-efnis er í húfi. Bolli gerir ekkert annað en að slaka á en Bjalla er alltaf að drífa sig, hvað ef þau drífa sig bara að slaka á?
- 18.45 Krakkafréttir
- 18.50 Vika 6
- 18.52 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Græna röðin með Sinfó Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í beinni útsendingu frá Hörpu. Á efnisskránni eru verk eftir Georg Friedrich Händel, Kaija Saariaho, Gustav Mahler og Claude Debussy.
- 21.00 Ljósmyndir
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.00 Heima
- 23.25 Lea
- 00.10 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 Dr. Phil
 - 12.40 The Late Late Show with James Corden
 - 13.20 The Block
 - 14.26 Love Island
 - 15.47 The Bachelor
 - 16.55 Survivor
 - 17.40 Dr. Phil
 - 18.25 The Late Late Show
 - 19.10 The Block
 - 20.10 Læknirinn í eldhúsinu Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, ferðast út um allan heim og kynnir sér matar- og vinnmenningu ólíkra landa.
 - 20.40 Nýlendan
 - 21.10 9-1-1
 - 22.00 Love Island
 - 22.45 American Gigolo
 - 23.40 The Late Late Show
 - 00.25 NCIS
 - 01.10 NCIS. New Orleans
 - 01.55 Law and Order. O.C.
 - 02.40 The Handmaid's Tale
 - 03.30 Love Island
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn
 - 08.20 Grand Designs. Sweden
 - 09.05 Bold and the Beautiful
 - 09.30 Best Room Wins
 - 10.10 Nei hættu nú alveg
 - 10.55 Lífið utan leiksins
 - 11.25 Family Law
 - 12.10 The Goldbergs
 - 13.15 Franklin & Bash
 - 13.55 Einkalífið
 - 14.25 Skreytum hús
 - 14.40 Grand Designs
 - 15.25 The Masked Singer
 - 16.30 Home Economics
 - 16.55 Franklin & Bash
 - 18.05 Bold and the Beautiful Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja mark sitt starfseminna og fjölskyldutengslin.
 - 18.25 Veður
 - 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 - 18.50 Sportpakkinn
 - 18.55 Ísland í dag
 - 19.20 The Cabins
 - 20.05 Rutherford Falls Önnur gamanþáttaröðin um æskuvini sem standa á krössgötum, bókstaflega, og reyna að vekja upp áhuga í heimabænum sínum til að berjast fyrir sögulegri styttni.
 - 20.30 Vampire Academy
 - 21.20 NCIS
 - 22.20 Sorry for Your Loss
 - 22.40 The Midwich Cuckoos
 - 23.30 A Friend of the Family
 - 00.20 The Undeclared War
 - 01.05 Magnum P.I.
 - 01.50 Succession
 - 02.45 The Masked Singer
 - 08.00 Heimsókn

Sigmundur Davíð gerir upp stjórnmálaferilinn

Það eru nafnar í Mannamáli kvöldins, en þar sest Sigmundur Davíð gegnt Sigmundi Erni og fer yfir sviptingarnar á sínum pólitíska ferli sem bráðum spannar fimmtán ár. Hann talar af hispursleysi um brottvarf sitt úr Framsóknarflokknum og allt þessi sem yfir hann hefur gengið um árabíl, sem sennilega er meira en aðrir stjórnmálaleiðtogar hafa mátt þola, að hans eigin sögn. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
- 1 geymdu
 - 5 stafur
 - 6 komast
 - 8 slæpist
 - 10 í röð
 - 11 ellegar
 - 12 grind
 - 13 feiti
 - 15 stuttur
 - 17 kvk nafn

- LÓÐRÉTT**
- 1 mælieining
 - 2 heilu
 - 3 skordýr
 - 4 gleði
 - 7 aldur
 - 9 blettir
 - 12 fúi
 - 14 áþekkt
 - 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 hófuð, 5 eill, 6 ná, 8 sístar, 10 tu, 11 eða, 12 rist, 13 flöt, 15 lítill, 17 karla.
LÓÐRÉTT: 1 hestafli, 2 öllu, 3 fíó, 4 unaðs, 7 ára-tala, 9 reitir, 12 rota, 14 lík, 16 líl.

SUDOKU

2				6	1	5		
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		

4		5			9		7	
	8	3			4			5
					8	2		
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
			8					9

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ÆVERLI

„Það fyrsta sem við gerðum var að leita til Krafts. Við vitum ekki hvað gerist en njótum þess sem lífið hefur upp á að bjóða“

Kolluna upp fyrir okkur og fjölskylduna!

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Kaupum kolluna á lifidernuna.is



Hið sjálfbæra líf

MYNDLIST

Rauður þráður

Hildur Hákonardóttir
Listasafn Reykjavíkur

Kjarvalsstaðir

Sýningarstjóri: Sigrún Inga
Hrólfsdóttir

Aðalsteinn Ingólfsson

Sú ákvörðun Listasafns Reykjavíkur að búa til sérstaka „tímabundna rannsóknarstöðu“ með það að markmiði að auka á vitneskju okkar um hlut kvenna í íslenskri listasögu er sennilega það jákvæðasta sem gerst hefur í íslenskum listfræðum á undanförunum áratugum. Stofnað er til stöðunnar með aðkomu listfræðideildar Háskóla Íslands og Safnaráð veitir til hennar þriggja ára styrk. Hér er hugsanlega komin formúla sem gerir íslenskum listfræðingum kleift að takast á við feril og arfleifð fjölmargra listamanna sem settu mark sitt á íslenskt þjóðlíf stóran hluta tuttugustu aldar, án þess að til þess hafi verið tekið af okkur, eftirkomendum þeirra. Að yfirstandandi þriggja ára törn lokinni, verður væntanlega búið að kvitta fyrir þá karllægu áherslu sem innbyggð er í safnaeign Listasafns Reykjavíkur, samanber þríeykið Kjarval, Ásmund og Erró, og hægt að búa til prógramm sem tekur til listamanna af öðrum kynjum.

Verkefninu er hleypt af stokkunum með umfjöllun um Hildi Hákonardóttur, textillistamann, skólastjóra og aktivista á sviði þjóðmála og umhverfismála og ekki síst kvenréttinda. Rannsóknina vann Sigrún Inga Hrólfsdóttir, myndlistarmaður og fyrrverandi stundakennari við Listaháskóla Íslands, og hafði að bakhjarli Æsu Sigurjónsdóttur, dósent í listfræði við Háskóla Íslands og starfsfólk Listasafns Reykjavíkur. Afraksturinn er til mikillar fyrirmyndar, yfirgripsmikil sýning á gjörvöllu ævistarfi Hildar og 250 síðna sýningar skrá, prýðilega hönnuð, falleg útlits og vel prentuð, og tekur á öllu því sem við þurfum að vita um listakonuna.

Engin huldukona

Hildur hefur aldrei verið svo afskipt að hægt sé að flokka hana með „huldukonum“ í íslenskri myndlist. Nær er að kalla hana sínálæga, því þótt hún sé komin til ára sinna (og með skerta starfsgetu) bregður henni iðulega fyrir á ráðstefnum um náttúrutengda myndlist og náttúruvernd. Þar að auki er listakonan fyrirlesari og pistlahöfundur á netinu til margra ára, verðlaunaður þýðandi (Henry David Thoreau, hvað annað?) og höfundur bóka um grasnytjar og kvennasögu. Og þar að auki ávallt tilbúin að ræða það sem henni liggur á hjarta við ágenga fjölmiðla.

Stóra myndin

En til þessa höfum við ekki fengið að sjá Stóru Myndina, hvernig þessir þættir lifshlaups Hildar tvinnast saman á íslenskum myndlistarvettvangi. Með þessari sýningu má segja að við okkur blasi áður nefnd Stóra Mynd, eins og hún birtist í myndverkum, ljósmyndum og aðskiljanlegum prentheimildum, og ekki síst ítarlegri samantekt þeirra Sigrúnar Ingu og Guðmundar Odds, sem skrifar um skólastjóran Hildi. Síðan stendur upp á okkur að komast til botns í og samræma alla þessa þætti: náttúruromantik Hildar, vistræði, hugmyndir hennar um myndlist, kvennapólitik og hernámsandstöðu, listkennslu, að ógleymdum rötum hennar í gömlu íslensku bændasamfélagi. Með því væri fengin innsýn í eitthvað sem kalla mætti „hugmyndafræði“ listakonunnar. Það eina sem í rauninni mætti leggja



Hildur Hákonardóttir er textillistamaður, skólastjóri og aktivisti á sviði þjóðmála, umhverfismála og ekki síst kvenréttinda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hildur Hákonardóttir hjá verki sínu Getnaður með hunangs-vökva frá 2011.

MYND/ADSEND

er síðar einn vetur í listaskóla í Skotlandi. Frá byrjun er það mjúklátur og þjáll textillinn sem virtist henta vel til að tvínna saman ýmsar tilfinningar, ýmsar andstæður sem blöstu við listakonunni, og árið 1968 gerir hún fyrstu sjálfstæðu textilverk sín.

Svo fjallað sé sérstaklega um textilinn, þá verður ekki sagt að Hildur sé með mikilvirkustu vefurum. En hún velur viðfangsefni sín af kostgæfni, tekur sér einfaldlega þann tíma sem hún þarf til að leiða verk sín til lykta. Textilverk hennar eru sömuleiðis kaflaskipt, fyrst tekst hún á við abstrakt hugmyndir, liti, form og áferð, og er þar undir áhrifum frá amerískri kvennapólitik og vefnaði indíána. Um 1970 fer myndvefnaðurinn að knýja á, og þá er það ameríska popplistin sem fyrst fangar athygli hennar, samanber verkin „Skýrta“, „Brunnlok“ og „Guð í sjálfum þér“. Þjóðfélagsgagnrýni og kvennapólitik koma svo til skjalanna árið 1971, og þjóðfélagslega meðvitaðan myndvefnað vefur hún allt til 1974, þegar náttúran tekur völdin í textil hennar, sjá „Árhringinn“ (1981–82) sem nýlega var gefinn Listasafni Reykjavíkur.

Reisn og tímaleysi

Ég skal jata upp á mig, að fyrst í stað skildi ég ekki til fulls pólitískan myndvefnað Hildar og þeirra kvenna sem fylgdu í kjölfar hennar; þótti það tímaeyðsla að fella í vef þau viðfangsefni sem hægt var að koma fljótt og vel til skila í málverkum eða plakötum. En nú verður mér ljóst, hafandi séð þessa yfirlitssýningu listakonunnar, að textillinn var hennar leið til að hefja baráttumál sín upp yfir hversdagslegt dægurþras, gæða þau reisn og tímaleysi fornra vefta.

Enda er það raunin að helstu myndvefir Hildar, einkum frá tímabilinu 1971–74, hafa staðist býsna vel ágang tímans, boðskapur þeirra er jafn tímabær nú og hann var fyrir fimmtíu árum, þökk sé skýru myndmáli og enn skýrari markmiðum listakonunnar. ■

NIÐURSTADA: Tímabær og vönduð úttekt á ævistarfi merkrar listakonu.



Hildur hefur aldrei verið svo afskipt að hægt sé að flokka hana með „huldukonum“ í íslenskri myndlist. Nær er að kalla hana sínálæga.

aðstandendum sýningarinnar til lasts er að í upphengingunni leggja þeir alla þessa þætti nánast að jöfnu, þannig að kemur niður á innbyrðis heild textilverkanna, sem eru, held ég, hryggjarstykkid í listrænni tjáningu Hildar. Í stað þess hefði mátt gefa ýmsu smálegu efni, ljósmyndum, skipuritum, teikningum og svo framvegis, veglegra pláss í sýningar skrá, og láta textilverkin bera uppi sýninguna.

Í Guðs eigin landi

Ekki ætla ég mér þá dul að brjóta til mergjar áður nefnda hugmyndafræði listakonunnar, til þess gefst

hvorki tími né rúm. En það sem við blasir, og hefur sennilega ekki verið nóg samlega tíundað, er að hve miklu leyti Ameríkudvölin 1956–63 mótar viðhorf Hildar til lífs og listar eftir að hún snýr heim, og raunar miklu lengur. Sjálfur var ég samkennari hennar við Myndlista- og handiðaskólann um miðjan áttunda áratuginn og man þá hve henni var tamt að vitna í stjörnu-speki og vísdóm amerískra indíána, stundum kallað „hippafræði“ af gárungum. En til Bandaríkjanna fer Hildur 1956 ásamt ungum börnum og eiginmanni, sem stundar framhaldsnám í stærðfræði og hag-nytri stærðfræði, og búa þau hjón í þriggja klukkustunda akstursfjarlægð frá Manhattan. Þó að Hildur sé þarna fyrst og fremst sem kona mannsins síns og gæti barna þeirra, þá gefast henni mörg tækifæri til að ferðast til New York að skoða söfn og sýningar. Og það vill svo til að lok sjötta áratugar og fyrstu ár þess sjöunda eru sennilega einhverjir mestu umbrotatímur í bandarísku menningarlífi á gjörvallri tuttugustu öldinni.

Abstrakt expressjónismi eftirstríðsáranna með sínar stórbrotu tilfinningar og háleitu markmið lét undan siga fyrir margs konar andóshreyfingum sem vefengdu flest viðhorf sem Bandaríkjamenn höfðu tileinkað sér í sigurvímu sigurve-

aranna. Enda flæktust þeir áfram í hvert stríðið á fætur öðru um heim allan, með hörmulegum endapunkti í Víetnam. Nýtt amerískt Dada vaknaði til lífsins og sendi einstaklingsframtakinu og háleitu hugmyndum langt nef, lagði í staðinn áherslu á tilviljanir og úrvinnslu á alls konar úrgangi, uppvöðslusöm Beat-skáldin töldu mikilvægara að „lifa“ í list heldur en að skapa hana og lærisveinar Johns Cage hópuðust saman til að kyrja búddamöntrur og storka viðteknum hugmyndum um list með uppákomum sínum. Út úr þessum mörgu þáttum menningar- og stjórnmálalegs andófs spratt svo Flúxus-hreyfingin, sem lýsti því yfir að allir væru færir um að skapa myndlist.

Mjúklátur og þjáll textill

Nærri má geta hvort 18 ára íslensk stúlka af frjálslyndu borgaralegu heimili, með „borgaralega óhlýðni“ Thoreaus í farteskinu, hefur ekki fundið eitthvað aðdáunarvert og uppörvandi við alla þessa uppstokkun viðtekinn hugmynda í Guðs eigin landi, ekki síst þar sem hún smitaði einnig frá sér yfir í femínisma og umhverfisvernd. En það tók hana nokkurn tíma að melta þessar hugmyndir og verða sér úti um myndlistarmenntun. Árið 1963 er Hildur komin heim og innritast þá í Myndlista- og handiðaskólann,

Áhyggjur af Basil í breyttum heimi

Tæplega hálfri öld eftir að gamanþættirnir Fawltý Towers slógu í gegn endurvekur John Cleese tauga-veiklaða fúlmennið Basil Fawltý. Tvær grimur renna þó á gamalgróna addáendur Cleese sem óttast helst að hann nái aldrei sömu hæðum aftur og að í breyttum heimi muni Basil trylla marga. Og þá alls ekki úr hlátri.

toti@frettabladid.is

Hann var kvíðablandinn sæluhrollurinn sem fór um margan einlægan addáanda hinna sígildu og sýfndu bresku sjónvarpsþátta Fawltý Towers þegar annar helsti hugmyndafræðingurinn að baki þeim, Monty Python-godsögnin John Cleese tilkynnti að hann ætli að gera nýja þætti um ófarir Basils Fawltý.

Áhyggjuefnin eru þau helst að Cleese muni ekki komast með tærnar þar sem hann var með hælana þegar hann var upp á sitt besta upp úr 1970 og að hvorki hann né Basil muni finna mikinn hljómgrunn í breyttum heimi þar sem lítið þarf til að viðkvæm snjóhorn þyrlist upp með látum á samfélagsmiðlum.

Cleese, sem er 83 ára, ætlar að endurtaka rullu sína sem Basil og skrifa nýju þættina ásamt dóttur sinni, grínistanum Camilla Cleese. Hugmynd þeirra feðgina er að fylgjast nú með Basil, sem er enn kaldhæðinn, gramur og hatursfullur, reyna að sigla milli skers og báru í samtímanum og freista orlaganna með því að spreya sig á hótélrekstri á ný. Nú með dóttur sína sem hann hefur nýlega uppgötvað að hann eigi.

Upprisa grínsins

„Réttrúnaðarfólkið gekk milli bols og höfuðs á gamanseminni en nú ætlar stórmeistari og helsti málsvari grins og gleði að reisa hana upp frá dauðum. Ekki veit ég hvort það er vinnandi vegur en einhver getur það, þá er það einmitt John Cleese og megi honum vel farnast,“ segir Baldur Hermannsson, eðlisfræðingur á eftirlaunum.

Aðeins örfáar vikur eru síðan Baldur hallaði sér síðast að Cleese þegar hann dæmdi áramótaskaupid dautt og ómerkt á Facebook með þessum orðum:

„Við hefðum aldrei getað samið Fawltý Towers. Við erum ófyndin þjóð, illskeyttar truntur sem gleðjast yfir níði og einelti og okkur líður vel í litlu hjörtunum okkar þegar einhver annar er smánaður og hæddur.“



Fýlupokarnir munu ekki afsala sér völdum mótþróalaust en skemmtilega fólkið leggur allt í sölurnar.



Baldur Hermannsson

Hörð barátta

Baldur heggur í sama knérunn við boðaða upprisu Basils Fawltý og segir veröldina satt best að segja hálfleiðinlega þessa stundina. „Þar sem móðgunargirni og píslarvættisárátta ráða ríkjum og einelti og persónuníð hafa leyst gamansemina af hólmi.“

Hér kveður í raun við svipaðan tón og Cleese hefur slegið í viðtölum, á Twitter og víðar á undanförunum árum þar sem hann hefur pakkað í vörn fyrir tjáningarfrelsið og réttinn til að móðga og grínast með allt. Full geðvonskulega á köflum jafnvel.

„En tímarnir eru breyttir og ég spái því að þetta verði hörð barátta,“ heldur Baldur áfram. „Fýlupokarnir munu ekki afsala sér völdum mótþróalaust en skemmtilega fólkið leggur allt í sölurnar. Ég spái því að heimurinn skipi sér í hölf þannig að fýlan ræður á vissum afmörkuðum sviðum en ómenguð gamansemín fái að blómstra annars staðar. Og svo ræður hver og einn hvar honum finnst best að vera.“

Hótél Tindastóll

Fyrsti Fawltý Towers þátturinn var frumsýndur á BBC 19. september 1975 og þættirnir því á 48. aldursári. Þeir eru enn í endursýningum á BBC2 og í streymi á veitunni Brit-Box. Hingað bærust þættirnir fyrst 1977 og hétu Hótél Tindastóll þegar Ríkissjónvarpið tók þá til sýninga.

Þættirnir gerðust á litlu hóteli í Torqay á Englandi þar sem Basil, mannhatandi og krepptur eigandi inn og hótélstjórinn, reyndi að



Feðginin Camilla og John Cleese ætla að skrifa saman handrit að nýjum framhaldsþáttum grínsnildarinnar Hótels Tindastóls en eitthvað er um áhyggjur af því að hin forna frægð Basils Fawltý og Cleese fleyti þeim skammt í veröld sem er víðs fjarri þeirri sem var 1975.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Réttrúnaðarliðið, sem skilur hvorki háð né frumleika, mun leita að einhverju til að froðufella yfir.



Kolbrún Bergþórsdóttir

halda rekstrinum gangandi í stöðugum átökum við konuna sína hana Sybil.

Cleese og þáverandi eiginkona hans, Connie Booth, skrifuðu handritið saman og léku annars vegar Basil og hins vegar ráðagóðu herbergisþernuna Polly. Polly var eina sæmilega eðlilega manneskjan á hótelinu og stóð í ströngu við að vernda Basil fyrir sjálfum sér.

Þá var það ekki til að einfalda tilveru Basils að þjónninn og helsta hjálparhella hans, Spánverjinn Manuel, kunni litla ensku og tókst að misskilja flest og klúðra hina.



Saman mynduðu þau Prunella Scales (Sybil), John Cleese (Basil), Andrew Sachs (Manuel) og Connie Booth (Polly) einhvern samstilltasta og besta grínkvartett sem sögur fara af í bresku sjónvarpi og þótt víðar væri leitað.

MYND/BBC

Cleese gat allt

RÚV endursýndi Hótél Tindastól 2016 og Kolbrún Bergþórsdóttir, þá ritstjóri DV, fagnaði ákaflega í blaðinu undir fyrirsögninni „Cleese getur allt“ og skrifaði meðal annars: „Þarna er frumleiki í fyrirrúmi ásamt dágóðum skammti af ósvífni í bland við algjörlega ótaminn galsa. Þarna er engin pólitísk rétt hugsun, allt getur gerst og margt sagt sem í raunveruleikanum þætti beinlínis ósmekklegt. Þarna er allt leyfilegt og það er einmitt það sem er svo skemmtilegt.“

Kolbrún segist nú vona það besta en býr sig undir það versta þegar Cleese stefnir á framhaldsþætti um Basil sem stendur uppi í breyttum heimi án Pollyar, Sybil og Manuels.

„Mér finnst John Cleese vera hugaður maður. Gömlu þættirnir voru sjónvarpsnilld og þessir nýju munu

ætið verða bornir saman við þá. Þá er ekki nóg að þeir séu góðir, þeir verða að vera brílljant,“ segir Kolbrún. „Ef ekki þá verður lítið svo á að Cleese hafi mistekist. Ég vona svo innilega að honum takist vel upp, en hef nokkrar efasemdir um þessa ákvörðun hans.“

Kolbrún deilir áhyggjum Baldurs af því að áhorfendur séu mun síður til þess fallnir að tengja við Basil en þeir voru undir lok áttunda áratugarins.

„Svo vitum við náttúrlega hvað mun gerast. Réttrúnaðarliðið, sem skilur hvorki háð né frumleika, mun leita að einhverju til að froðufella yfir. Þegar kemur að pólitískum rétttrúnaði eiga við orðin „leitið og þér munið finna“. Þetta húmorslausu lið mun steypa sér yfir Cleese eins og hungraðir úlfar. Já, Cleese er sannarlega hugrakkur!“ ■

Vandi verður að fylla skarð Dr. Phil

lovisaa@frettabladid.is

Sjónvarpsálfraðingurinn fornfrægi, Dr. Phil, tilkynnti í síðustu viku að þátturinn sívinsæli sem við hann er kenndur sé nú að renna sitt skeið. Dr. Phil er vel þekktur hér á Íslandi en þátturinn hefur verið sýndur í íslensku sjónvarpi svo gott sem frá upphafi.

Undanfarin ár hefur Dr. Phil verið sýndur í Sjónvarpi Símans, daglega klukkan 12 og svo aftur rétt fyrir kvöldmatarleytið. Samkvæmt yfirlýsingu frá Dr. Phil sjálfum, eða Phil McGraw, mun síðasti þátturinn fara í loftið ytra í sumar en íslenskir addáendur hans fá gálgafrést fram



Hjónin Robin og Phil McGraw, eða Dr. Phil. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

á haust því hér erum við nokkuð á eftir Bandaríkjunum.

„Ekki liggur fyrir hvort við tókum þátt til sýninga sem svipar til Dr. Phil en erfitt verður að fylla það skarð sem Dr. Phil skilur eftir sig enda á hann fjölmarga addáendur hér á landi sem við fáum strax að heyra frá ef við erum einhverra hluta vegna sein að sýna nýja þætti,“ segir Guðmundur Jóhannsson samskiptastjóri Símans.

„Ég finn hjá mér þörf til að ná til breiðari hóps áhorfenda því ég hef miklar og alvarlega áhyggjur af amerísku þjóðinni,“ sagði Phil McGraw í yfirlýsingu sinni þar sem hann lét þess jafnframt getið



Guðmundur Jóhannsson, samskiptastjóri Símans

að þótt að hann sé að hætta framleiðslu þáttanna sé hann ekki að hætta í sjónvarpi og muni taka upp þráðinn í nýjum þætti.

Guðmundur útilokar ekki að nýr þáttur Dr. Phil verði tekinn til sýninga á Sjónvarpi Símans. „Dr. Phil sjálfur segist vera að hverfa frá skjánum til að skapa nýja þætti á

betri tíma í bandarísku sjónvarpi á næsta ári og því aldrei að vita nema að hann snúi aftur í Sjónvarp Símans.“

Þrátt fyrir bandarísku doktorsnafnbótina er Phil ekki læknir en stáar þó af doktorsgráðu í klínískri sálfræði. Hann hefur hins vegar ekki endurnýjað lækningaleyfi sitt frá 2006 og í raun aldrei haft slíkt leyfi í Kaliforníu þaðan sem hann sendir þátt sinn út.

Dr. Phil hóf sjónvarpsferil sinn sem gestur og álitsgjafi í þætti Oprah Winfrey árið 1998 þar sem hann mætti til leiks sem sérfræðingur í umræður um foreldrafærni og hjónabandið. ■

MEMBRASIN®

Þurrkur og óþægindi er algengt vandamál

EINSTÖK TVEGGJA ÞREPA LAUSN SEM DREGUR ÚR EINKENNUM AUGNÞURRKS



Inniheldur hafþyrnisolíu SBA24® - Omega 7, FLORAGLO® lutein og zeaxanthin

Inniheldur hafþyrnisolíu og hýalúronsýru

MEMBRASIN SBA24® VISION BÆTIEFNI

Veitir raka og verndar augun á náttúrulegan hátt. Stuðlar að viðhaldi eðlilegrar sjónar og raka í slímhúð augna. Bætiefnið inniheldur SBA24® hafþyrnisolíu, Omega 3, - 6, - 7 og - 9 fitusýrur, A vítamín og E vítamín, ásamt Lútein og Zeaxantín til að vernda slímhúð augans, sjónhimnu og táfílm, styrkir augnbotnana og verndar gegn bláum geislum frá tölvu og skjáum farsíma.

Mælt með af augnlæknum:

- Verkun og öryggi hafa verið sannreynð í klínískum rannsóknum
- Árangurs má vænta eftir 2-5 vikur miðað við daglega notkun
- Aðeins hrein náttúruleg hráefni
- Mjúk grænmetishylki og er 100% vegan
- Ekkert óþægilegt eftirbragð (eins og getur verið af fiskiolíu).

MEMBRASIN® VISION VITALITY AUGNÚÐI

Augnúði sem dregur úr augnþurrki og gefur húðinni í kringum augun raka.

- Úðinn er með sannaða virkni (MD – lækningatæki) og inniheldur „medical grade“ innihaldsefni.
- Vision Vitality úðinn er einfaldur í notkun.
- Má nota með augnlinsum og eftir að augnfarði hefur verið settur á.
- Úðinn inniheldur hafþyrnisolíu og hýalúrónat
- Hafþyrnisolían styrkir fitulag táfílmunnar og ver augun gegn þurrki.
- Hýalúrónat styður við vatnsbindigetu tárkökvans, smyr augun og kemur í veg fyrir frumuskemmdir.

Þróað og framleitt í Finnlandi til að vinna gegn augnþurrki og viðurkennt af augnlæknafélagi Finnlands.



FÆST Í ÖLLUM APÓTEKUM, FRÆINU FJARÐARKAUP, HAGKAUP OG HEILSUHÚSINU KRINGLUNNI

Nánari upplýsingar um vörurnar og sölustaði á www.numereitt.is/membrasin

Hvað er að fréttastofa?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is.

Innlendar og erlendar fréttir,

léttar fréttir, íþróttaréttir,

viðskiptaréttir, skoðanapistla,

spottið og auðvitað blað

dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann



frettabladid.is



Hugmyndir Fúsa að nýjum fiskréttnefnum streyma fram svo hratt að plöstudunarfélmiðin gafst upp þannig að einhver tilbrigði við kunnugleg fiskistef biða á spjöldunum eftir að að komast í plast og í fiskborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jaws og fersk beib í borðinu

Fúsi fiskisali stendur glaðbeittur vaktina í fiskbúð sinni þar sem nætursaltaðir brandarar með nýjum nöfnum yfir sigilt fiskmetið í borðinu renna af færifandi hugans. Honum og viðskiptavinum til ánægju og yndisauka.

toti@frettabladid.is

„Maður verður að hafa gaman af þessu,“ segir Sigfús Sigurðsson, sjálfur Fúsi fiskisali, þegar hann er spurður út í ný nöfn sem hann hefur gefið sjávarfanginu sem hann selur í Fiskbúð Fúsa.

Frumlegar og jafnvel fimmaura-brandaralegar merkingarnar hafa vakið athygli langt út fyrir Skip-holtið þar sem langa í gyros er „Grískur harmleikur“ og nýjar gellur eru kryddaðar á ensku sem „Fresh babes“.

„Ég er svona með hitt og þetta sem ég man ekki alveg í augnablikinu en þetta er alls konar. Hákarlinn er skirður „Jaws“. En ekki hvað?“ heldur Fúsi áfram og snýr sér að rauðsprettunni sem hann kallar „partí fyrir bragðlaukana“.

„Gourmet“ eða ekki?

„Ég var með steinbít í mexíkóskri sósu og þá varð það „Steini frændi í Mexíkó“. Það er ýmislegt svona sem maður reynir að finna upp.“

Fúsi segir nafnbreytingarnar falla viðskiptavinum sínum vel í



Hákarlinn er alls ekki jafn tannhvass og sá sem hann er nefndur eftir.

geð enda mun skemmtilegra en að bjóða einfaldlega upp á nýjar gellur og rauðsprettu. „Þú veist, hvort myndirðu kaupa frekar bara þorskhnakka eða þorskhnakka sem eru „algert gourmet“?

Heimilisleg stemning

Það er bæði svona smá markaðssetning í þessu en síðan líka bara það að hafa gaman. Brydda upp



Hvort myndirðu kaupa frekar bara þorskhnakka eða þorskhnakka sem eru „algert gourmet“?

Fúsi fiskisali

á einhverju nýju,“ segir Fúsi og bætir aðspurður við að sum uppnefningin hafi þegar fest sig í sessi á meðan annað er breytilegt.

„Maður er náttúrulega ennþá bara tíu ára þannig að það kemur ýmislegt upp í þennan haus,“ segir fiskisalinn og hlær og reiknar með að halda áfram að leika sér svona með fiskmetið.

„Já, já. Það er náttúrulega öðruvísi að fara í fiskbúðina eða kjötbúðina en stórmarkaðinn. Þú spjallar um daginn og veginn og það sem er að gerast í þjóðfélaginu við fólkið sem kemur þannig að þetta verður svona heimilislega.“ ■



LANDSSÍMINN

Uppgrip hjá Fílnum á Dalvík

toti@frettabladid.is



Sigurvin Fíllinn Jónsson
almennur gleðigjafi á Dalvík

„Þetta er svona að lifna við eftir að hafa náttúrulega alveg dottið niður í kóvíðinu,“

segir Þórhallur Sigurvin Jónsson, uppistandsgrínari og veislustjóri á Dalvík sem kallar sig Fíllinn sem slíkur.

Fíllinn segist hafa nóg að gera um þessar mundir enda á miðri vertíð þorralóta og árs hátíða. „Þetta er ágætis tími núna, fram í maí allavegana.“ Hann segir stóru vertíðirnar í þessum anga skemmtanabransans í raun tvær, á fyrri hluta árs og svo aftur með haustinu þegar árs hátíðir byrja

aftur og jólahlaðborð fylgi í kjölfarið.

Fíllinn segist aðspurður ekki aðeins sinna Dalvíkurbyggð og nærsveitum. Hann fari út um allt þar sem eftir honum er óskað og eftir að hann hafði sigur í keppninni Fyndnasti maður Íslands 2002 hafi hann skemmt á íslensku í átta löndum og þremur heimsálfum.

En af hverju Fíllinn?

„Sko, þegar ég var í fótboltanum á Dalvík í denn þá kölluðu þeir mig alltaf loðfíllinn og svo þegar ég keppti í Fyndnasti maður Íslands var svona símakosning og nafnið mitt þótti ekki nógu þjált og ég var spurður hvort ég væri ekki með einhverja styttingu. Og ég sagði þeim að setja þara Fíllinn og hef



notað það síðan. Það svínvirkar.“

Sigurvin hefur vita skuld ekki frekar en aðrir á Dalvík farið varhluta af True Detective-kvikmyndatökuliðinu sem hann segir svo sannarlega setja svip á bæjarbragðinn.

„Nei, ég vissi ekkert af þessu fyrr en eftir að þetta byrjaði,“ segir Fíllinn þegar hann er spurður hvort hann hafi ekki gefið sig fram í aukahlutverk. „Ég hef nú stundum verið í auglýsingum og svona en ekki núna. Þau hafa ekki lagt í íslenska fíllinn það eru bara skógarbirnir þarna á einu götuhorninu,“ segir Fíllinn og hlær áður en bendir þeim sem vilji bóka hann á ja.is.

„Ég er í símanum. Þú slærð bara inn Fíllinn og þá kemur númerið.“ ■

QVISTEN™
ANIMATION
KYNNIR

KARDEMOMMU BAERINN

HIN ÁSTSÆLA OG SÍGILDA SAGA EFTIR THORBJØRN EGNER

SUBWAY nettó



KOMIN Í BIÓ

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BAKÞANKAR

Ebbu Guðnýjar
Guðmundsdóttur

Til eftirbreytni

Það er eitthvað svo innilega fallegt, göfugt og til eftirbreytni að sjá fólk vinna starfið sitt, sama hvað það er, af heilindum, metnaði og stolti.

Það eru svo mörg störf sem eru bæði erfið og slítandi þó að sumir líti jafnvel niður á þau. Þó að það segi nú mest um þá sjálfa. Þetta er undarlegt.

Við vitum til dæmis öll hvernig heimilin okkar líta út þegar enginn þrífur og gengur frá.

Hlutirnir gerast nefnilega ekki af sjálfu sér.

Og flestum finnst nógu erfitt og leiðinlegt að þrifa eftir sig sjálfa og sína nánustu, hvað þá ókunnugt fólk.

Af hverju hömpum við ekki meira störfunum sem fela í sér þríf og frágang?

Það færi allt á hliðina í samfélögum þar sem enginn vildi þrifa neitt, sækja ruslið og svo framvegis, eins og dæmin mörg sanna.

Rutger Bregman sagnfræðingur sagði frá því að eitt sinnið þegar fólk sem sótti ruslið í New York-borg fór í verkfall var lýst yfir neyðarástandi í borginni og það grátbedið að koma aftur eftir nokkra daga.

Þegar bankamenn fóru í verkfall (á Írlandi) gerðist ekkert í hálf ár.

Ætlunin er samt ekki að gera hér lítið úr störfum einnar stéttar á kostnað annarrar. En það getur samt verið gott að velta þessu fyrir sér.

Öll störf eru mikilvæg, alveg eins og við erum öll mikilvæg. Ég vona að við sem samfélag berum gæfu til að sjá til þess að allir geti lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og borið höfuðið hátt. ■

Fyrir fólk í leit af
nýjum tækifærum

Skannaðu mig



PRÓFUM NYJA LITI SAMAN

Nýr litur getur breytt rýminu. Við erum með allt fyrir
málningarverkefnið þitt